

## „Afsetning Guðbjargar Kolbeinsdóttur frá sakramenti“<sup>1</sup>

### Samsláttur valdsviða í Mývatnssveit

#### Inngangur

Í kjölfar siðaskipta um miðbik 16. aldar skyldi lúthersk löggjöf leysa kaþólskan kirkjurétt (kanónískan rétt) og kristinrétt miðalda af hólmi. Í fyrstu gegndi kirkjuskipan Kristjáns III þessu hlutverki að mestu leyti ein hér á landi. Hún kom meðal annars í stað kristinréttar Árna Þorlákssonar (1237–1298) frá 1275.<sup>2</sup> Við þessa breytingu hefur skapast ýmiss konar óvissuástand. Kirkjuskipanin tók ekki til allra atriða sem kveðið var á um í fyrri réttarheimildunum. Þar varð að styðjast við eldri lög eftir því sem kostur var og þau varð þá að túlka í ljósi nýrrar guðfræði. Þannig hafa mörg vafaatriði komið upp. Þá getur líka verið að túlkun og heimfærsla ýmissa atriða í kirkjuskipaninni hafi vafist fyrir mönnum. Þar hefur skipt miklu að þeir sem beita áttu fyrirmælunum, prestar, biskupar en einnig að nokkru leyti veraldlegir valdsmenn, voru fyrst í stað mótaðir af miðaldakaþólskum starfshefðum og hafa átt í ýmsum erfiðleikum með að stíga yfir í hið nýja kerfi. Þetta kann að hafa leitt til árekstra af ýmsu tagi þegar áhrifum gamals og nýs kerfis laust saman í mismunandi framkvæmd eða túlkun. Hefur þetta valdið kirkjulegum og veraldlegum yfirvöldum ýmiss konar vanda. Einhverjir kunna einnig að hafa freistað að nota óvissuástandið sér í vil.

Eitt af þeim vandamálum sem upp komu var hvar hlutverki presta sleppti og hvar verksvið veraldlegra valdsmanna tæki við, ekki síst á sviði kirkjuaga og félagslegs taumhalds, sem á þessum tíma héldust mjög í hendur. Vissulega hafði Lúther sett fram nýja túlkun á þessu sviði sem kenna má við valdsviðin tvö, hið veraldlega og kirkjulega (einnig nefnd tveggjaríkja-kenning). Hlutverk andlega valdsviðsins var að leiða menn til trúar og réttlætningar með hjálp fagnaðarerindisins og var það falið þjónum kirkjunnar. Hlutverk veraldlega valdsviðsins var að halda uppi friði og reglu í samfélaginu á grundvelli lögmálsins og var falið embættismönnum konungs. Kirkjan var síðan sem stofnun sett undir lögmálið og varð að því leyti að hlýða veraldlega valdinu.<sup>3</sup> Margir veraldlegir valdsmenn voru svo meðvitaðir um að þeir, sem kristin yfirvöld, bæru margs konar skyldur á því sviði sem kirkjunni var falið sérstaklega. Þetta átti ekki síst við um Pál Stígsson (d. 1566) sem var hér höfuðsmaður um 1560.<sup>4</sup> Oft reyndi

<sup>1</sup> *DI. Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn XIII, 1555–1562.* Útg. Páll Eggert Ólason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933–1939, bls. 710. Greinin er samin í tengslum við þverfaglega rannsóknarverkefnið 2017.is.

<sup>2</sup> Nokkur vafi leikur á hvort kristinréttur Árna gildi frá upphafi í Hólabiskupsdæmi eða hvort hann var lögfestur þar 1354. Hér er ekki afstaða tekin til þess. Magnús Lyngdal Magnússon, „Inngangur“, *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, Reykjavík: Sögufélag, 2005, bls. 13–59, hér 30–39.

<sup>3</sup> Sjá Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Guðfræði Marteins Lúthers í ljósi túlkunar hans á Jóhannesarguðspjalli 1535–1540*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 95–103.

<sup>4</sup> Um Pál Stígsson segir í „Hirðstjóra annál...“ að hann hafi verið „[...] hinn helzti og stjórnsamasti aðstoðarmaður biskupanna, eða sem veraldlegur biskup [...]“ meðan hann dvaldi hér. Jón Halldórsson, „Hirðstjóra annáll Jóns prófests Halldórssonar. Með formála og athugasemdum eptir Guðmund Þorláksson“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju II*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1886, bls. 593–784, hér 703. Hér eru ekki forsendur til að fjalla um sýn

því á samvinnu valdsviðanna tveggja sem gátu skarast á ýmsa lund, ekki síst í agamálum þar sem mörg mistök og afbrot fólks gátu í senn verið synd gegn Guði og glæpur gegn ríkinu.

Meginviðfangsefni þessarar greinar lýtur að samvinnu og skörun en jafnframt árekstrum valdsviðanna tveggja í kjölfar siðaskiptanna. Leitast verður við að svara spurningunni um hvort andlegir og veraldlegir embættismenn Danakonungs hafi ávallt unnið samhæft eða hvort til árekstra hafi komið á milli þeirra, til dæmis vegna mismunandi túlkunar á nýjum réttarheimildum eða vafa um hvort eldri fyrirmæli hefðu að fullu misst gildi sitt. Athuglisvert mál, sem reis í Mývatnssveit upp úr 1560, verður notað til að varpa ljósi á þetta samspil en það sýnir hvernig valdsviðunum tveimur gat lostið saman. Um þetta leyti fæddi bóndadóttir á Grænavatni þar í sveit barn. Í kjölfarið bauð prófastur héraðsins prestinum í Mývatnsþingum að útiloka hana frá að neyta kvöldmáltíðarsakramentisins. Hún skaut máli sínu til sýslumanns sem taldi að kirkjunnar þjónar hefðu farið of frekt fram með tilliti til eðlis brotsins og fyrirmæla kirkjuskipanarinnar. Hér verður spurt um hver hafi verið rök og ástæður hvors um sig, sýslumannsins og prófastsins, til að aðhafast í málinu eins og þeir gerðu.

Í Grænavatnsmáli rákust valdsviðin tvö einnig á með allt öðru móti. Vissulega var barneign konunnar á Grænavatni og heimild hennar til að neyta kvöldmáltíðarinnar andlegt mál eins og atvik blöstu við í upphafi. Það er þó ljóst að viðskipti með jörðina og langvarandi deilur um auðlind sem undir hana heyrði, brennisteinsnám í Fremrinámum, fléttuðust mjög inn í málið og flæktu það. Veraldlegir hagsmunir kunna því vel að hafa haft áhrif á afstöðu sumra sem aðild áttu að málinu. Þessi þráður málsins verður einnig rakinn. Til að ná yfir báðar þessar hliðar er hér talað um samslátt valdsviðanna tveggja en ekki árekstur eða átök. Um slíkt var líklega ekki að ræða hér, að minnsta kosti ekki trúarpólitísk átök um hvort valdsviðið væri hinu æðra.

Jón Þorkelsson (1859–1924) þjóðskjalavörður fjallaði lítið eitt um málið í sögu sinni um Magnús prúða en hann kom að málinu í upphafi sem sýslumaður í Þingeyjarþingi og átti aðild að því allan tímann af persónulegum ástæðum. Líklega hefur málið meðfram kostað hann sýslumannstignina og valdið einhverju um flutning hans vestur í Ögur.<sup>5</sup> Þá kannaði Már Jónsson málið í tengslum við doktorsrannsókn sína þótt það komi ekki beint við sögu þar. Er honum hér með þökkuð mikilvæg aðstoð meðan á ritun greinarinnar stóð.

## Guðbjörg Kolbeinsdóttir gegn klerkaveldinu

Síðasta dag aprílmánaðar 1562 hélt Magnús Jónsson prúði (um 1525–1591), sýslumaður í Þingeyjarþingi (1556–1563), almennt héraðsþing í Haganesi í Mývatnssveit.<sup>6</sup> Þar kærði Guðbjörg, dóttir Kolbeins Arngrímssonar bónda á Grænavatni, sóknarprest sinn, þingaprestinn

---

Magnúsar prúða í þessu efni. Af svokölluðum vopnadómi, sem hann lét dæma í Tungu í Patreksfirði 1581, má þó ráða að hann hafi talið fjögur mikilvægustu svið samfélagsins vera fólgin í síðum þess og embættum, lögum og rétti, landvörnum og „[...] þeim heilaga religione kirkjunnar og skólanna [...]“. Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar prúða*, Kaupmannahöfn: Sigurður Kristjánsson, 1895, bls. 72. Á öllum þessum sviðum má ætla að hann hafi talið skyldur sínar og kristinna yfirvalda liggja eftir atvikum í samstarfi við andlega valdsviðið.

<sup>5</sup> Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar prúða*, bls. 20–26. Mat Jóns á málinu var vissulega gildishlaðið í anda sagnaritunar á þeim tíma. Taldi hann prestana sem við sögu komu hafa „[...] vilja[ð] láta hegning kirkjunnar ríða á mönnum um það, sem kirkjan þóttist áður eiga sakir á“ og Magnúsi sýslumanni „[...] þótt klerkavaldið óþarflega hlutsamt og ómannúðlegt [...]“. Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar prúða*, bls. 24–25. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi IV*, Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1926, bls. 467–490. Hjalti Hugason, „Frumkvöðull siðbótar á Norðurlandi? Um Sigurð Jónsson á Grenjadarstað og afskipti hans af siðaskiptum“, *Saga: Tímarit Sögufélags* LIII:2, 2015, bls. 42–71, hér 67–68.

<sup>6</sup> Magnús prúði var sonur Jóns Magnússonar á Svalbarði og Ragnheiðar „á rauðum sokkum“ Pétursdóttur frá Djúpa-/Stóra-dal í Eyjafirði. Hann var röggSAMUR valdsmaður, lagamaður og skáld; bjó í (Rauða-)Skriðu í Skriðuhverfi í Reykjadal, frá 1565, að

í Mývatnsþingum, sem þá var Einar Sigurðsson (1538–1626) skáld, síðar í Eydölum, fyrir að hún „[...] an nockrar sakargiptu [...]“ væri svift prestsþjónustu og „[...] afsett være þui haleita dyrmæta sacramente og natverde Jehsu Christi Guds sonar“.<sup>7</sup> Hún hafði áður viðurkennt einfalt barneignarbrot. Aðspurðir neituðu viðstaddir að þeir hefðu heyrt „[...] nockut oRykte það vm þessa konu ath on[n]ur efne munde reynast opinberast edur finnast [...]“ sem réttlætt gætu útilokun hennar frá kvöldmáltíðinni.<sup>8</sup> Gekk Nikulás Þorsteinsson (d. 1591) frá Reykjahlíð, sýslumaður í Hegranesþingi (um 1560) og síðar klausturhaldari að Munkaþverá (frá 1563), sérstaklega fast fram í að lýsa yfir að „[...] þeir þeirrar konu ecke visso ne heyrt hefdo gietit anat en huat vel være. vtan það hun adur opinberlega og almenniliga hefde adr tilsagt vm sina einfallda barneign [...]“.<sup>9</sup>

Hér var mikið í húfi fyrir Guðbjörgu. Fyrir kvöldmáltíðina hlaut fólk aflausn synda sinna og neytti síðan máltíðar Drottins sér til sálhjálp. Þar með kom það fram sem lifandi limir á líkama Krists í samfélagi safnaðarins.<sup>10</sup> Þetta hefur verið trúarlegur veruleiki í hugum margra og þá þyrst í sakramentið. Svo kann að hafa verið um Guðbjörgu. Hér lá þó meira undir steini. Í lúthersku kirkjunni skyldi farið varlega í að útiloka fólk frá sakramentinu.<sup>11</sup> Væri það á annað borð gert var það yfirlýsing um að eitthvað mikið væri að. Ef Guðbjörg sætti sig við útilokunina hlaut hún með því að viðurkenna að svo væri í hennar tilviki og það hlaut að vekja umtal um vitsmuni hennar, uppfræðslu og trú en ekki síst um siðferði, en á þessum atriðum valt aðgengi fólks að kvöldmáltíðinni.<sup>12</sup> Sæti hún lengi hjá við altarisgöngur hlaut það að vekja tortryggni og hún að verða fyrir þeirri útskúfun og smán sem í því fólst að vera afsett sakramentinu.<sup>13</sup> Hún átti því aðeins tveggja kosta vö: að játa á sig synd sem hlaut, eins og komið var, að kalla á opinbera aflausn (sjá síðar) eða kæra þessa ákvörðun andlega valdsins til hins veraldlega.<sup>14</sup> Þótt hvort um sig bæri ábyrð á afmörkuðu valdsviði bar þeim saman að halda uppi reglu og einingu í samfélaginu á grundvelli kristinnar trúar og þá ekki síst í því að farið væri eftir kirkjuskipan Kristjáns III.<sup>15</sup>

Aðspurður kvaðst presturinn ekki fremur en söfnuðurinn kannast við að Guðbjörg væri orðuð við ójátað, alvarlegt brot né hefði hann sjálfur grun um að hún væri brotleg í einhverju öðru og alvarlegra en einfaldri barneign utan hjónabands. Enn aðspurður kvaðst hann hafa útilokað Guðbjörgu frá sakramentinu vegna skriflegrar skipunar prófastsins sem hann hefði undir höndum.<sup>16</sup> Þessi yfirlýsing prestsins vekur vissulega athygli í ljósi þess sem síðar kemur fram um faðerni barnsins.<sup>17</sup>

---

Ögri við Ísafjarðardjúp og í Bæ á Rauðasandi frá 1580. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* III, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950, bls. 431.

<sup>7</sup> *DI* XIII, bls. 710.

<sup>8</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>9</sup> Sama heimild, bls. 710–711.

<sup>10</sup> Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720. Fyrirkomulag og ábrif*, [Reykjavík]: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, 2014, bls. 4.

<sup>11</sup> „Den danske kirkeordinans, 1539 („Den rette ordinants“), *Kirkeordinansen 1537/39*, útg. Martin Schwarz Lausten, Kaupmannahöfn: Akademisk Forlag, 1989, bls. 150–243, hér 151, 229. Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720*, bls. 1, 290.

<sup>12</sup> *DI. Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* X, 1169–1542, útg. Jón Þorkelsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1911–1921, bls. 194–196. „Den danske kirkeordinans, 1539“, bls. 185–187.

<sup>13</sup> Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720*, bls. 3, 209.

<sup>14</sup> Sama heimild, bls. 2, 3.

<sup>15</sup> „Den danske kirkeordinans, 1539“, bls. 155–156.

<sup>16</sup> *DI* XIII, bls. 711.

<sup>17</sup> Til er sáttargerð milli Nikulásar Þorsteinssonar og Einars Sigurðssonar sem gerð var á heimili Sigurðar Jónssonar prófasts (sjá síðar) tæpum mánuði eftir þinghaldið í Haganesi. Þar lýstu þeir sig sátta um allt sem þeirra hefði á milli borið í orði og verki.

Einar prestur var þarna lentur milli steins og sleggju þar sem annars vegar var Magnús prúði, sem málið hafði verið kært til, en hins vegar prófasturinn í Þingeyjarþingi. Á þessum tíma gegndi því embætti Sigurður Jónsson (d. um 1595) Arasonar *officialis* á Grenjaðarstað, einn helsti kirkjuhöfðinginn í biskupsdæminu og einn af forgöngumönnum siðaskipta á Norðurlandi.<sup>18</sup> Þingaprestinum var því vandi á höndum. Bað hann nú sýslumann „[...] sier god rad at kienna. huornin hann hier med fara skyllde sem rietteligast.“<sup>19</sup>

Hér kann að virðast sem presturinn hafi skotið andlegu máli, það er hvernig rétt væri að fara með kvöldmáltíðarsakramentið við þessar aðstæður, og ákvörðun prófests til úrskurðar veraldlegs dómara en rétt boðun orðsins og þjónusta að sakramentunum voru helstu embættishlutverk evangelískra presta að lútherskum skilningi.<sup>20</sup> Líklegra er þó að hann hafi litið svo á að í þessu tilviki þyrftu valdsviðin tvö að vinna saman til að engin mistök yrðu gerð við meðferð sakramentisins. Vera má að hann, ásamt prófasti, hafi líka vitað eitthvað sem réttvísan yrði einnig að komast á snodir um án þess að hann gæti gert uppskált um það þótt slíkt bryti vissulega í bága við orð hans á þinginu. Hvernig sem á stóð gat hann ekki tekið þá áhættu að útdeila einhverjum sakramentinu sem væri þess ekki verðugur. Ef einhverju skeikaði í því efni bakaði bæði presturinn og sá sem neytti sér reiði Guðs.<sup>21</sup> Þess var til dæmis skammt að bíða að æðsti valdsmaður landsins, Páll Stígsson höfuðsmaður, tjáði sig um það mál í svokölluðu hundabréfi frá 1563. Þar ítrekaði hann að prestar ættu að vara fólk við að eta eða drekka „[...] owerdugliga aff Herrans maaltijd“ því þannig drykki það sjálfu sér til dómsáfellis samkvæmt orðum Páls postula.<sup>22</sup> Væri sýnu betra að þau sem fákunnandi væru neyttu alls ekki sakramentisins fyrr en þau hefðu lært fræðin.<sup>23</sup> Þá áminnti hann presta um að þeir mættu ekki, vegna vinskapar, af hræðslu eða af neinum öðrum ástæðum, taka fákunnandi fólk til altaris enda bökuðu þeir sjálfum sér með því dóm.<sup>24</sup> Ef svo mikið reið á að óuppfrætt fólk neytti ekki sakramentisins hve miklu frekar átti það ekki við um þau sem kynnu að vera brotleg og e.t.v. stórsyndug?<sup>25</sup> Líklegt er að Einar Sigurðsson hafi bókstaflega óttast að hann stefndi bæði sálarheill Guðbjargar og sinni eigin í voða ef hann veitti henni sakramentið.<sup>26</sup> En það gerðist ef hún væri sek um alvarlegri synd en hún hafði játað og þegði yfir henni í stað þess að skrifa.

Sýslumaður úrskurðaði í málinu og sagði þá meðal annars:

---

DI XIII, bls. 732–733. Þar sem vitnisburður þeirra um Guðbjörgu var samhljóða virðast deilumál þeirra ekki hafa kviknað af því tilefni sem hér er til umræðu.

<sup>18</sup> Hjalti Hugason, „Frumkvöðull siðbótar á Norðurlandi?“, bls. 42–71.

<sup>19</sup> DI XIII, bls. 711.

<sup>20</sup> Sjá 5. og 14. gr. Ágsborgarjátningar frá 1530. Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar*, Reykjavík: Bókaútgáfan Salt, 1980, bls. 98–102, 123–126. „Den danske kirkeordinans, 1539“, bls. 151–153.

<sup>21</sup> Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720*, bls. 49.

<sup>22</sup> DI. *Diplomatarium Islandicum. Íslensket fornbréfasafn* XIV, 1551–1567, útg. Páll Eggert Ólason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1944–1949, bls. 407. Sjá 1Kor 11.27–29.

<sup>23</sup> DI XIV, bls. 407.

<sup>24</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>25</sup> Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720*, bls. 49.

<sup>26</sup> Sama heimild, bls. 4–5, 203.

[...] meir hæfer ath ottast Gud en mennina og sagde slikt atferle eij hæfa vtan við þá eina menn sem fundner være i opinberum veralligum brotum og storsyndum og ecki villdu af lata. helldr i þeim somo þriostkast ohlidnast. og dueliast og eij aflata. þa [hafdi þo ei at eins ath at suipta þa sacramentino. helldr og eirninn at bannfæra somo men: þo med þui mote þann same hefde adr til forna feingit þriar christiligar aminningar af kiennemanninum. og sagdi þad oheyriligt virdast mundo fyrir prestana epter þui at leita sem folgit være af misferlum mannanna. þat heyrði valldsmanninum til. [...] suo væri þad og eij hæfiligt fyrir prestana þa sem afbrot manna skylldu hylia og af Guds valde fyrergiefa. þa ofrægia. edr huorn strax an reynslu og riettra profana fyrir sialfs Gietsaker edr vondra manna kuis og aaustur edr fyrir saker agjirne at af setia christeligar kirkiu og odrum Gudligum velgiorningum. og sagde fyrir þuilika breytne og atferle þann ytra læknedom kirkiunnar (sem Bannit vare) og suerd kirkiunar at ongo giort vera.<sup>27</sup>

Magnús sýslumaður taldi með öðrum orðum að prestum bæri ekki að stunda sjálfstæðar rannsóknir á lífurni fólks umfram það sem það játaði sjálft við skriftir. Væri það grunað um stórsyndir, sem þá voru jafnframt veraldlegir glæpir, bar veraldlegum valdsmanni að rannsaka þá. Þá mættu prestarnir enn síður synja fólki um þjónustu vegna ágrindar, rógs eða vegna eigin getsaka. Aðeins skyldi útiloka glæpamenn frá sakramentinu og þá sem þrjóskuðust við að láta af stórsyndum en þá átti heldur ekki að láta við það sitja heldur bannfæra þá ef þeir létu ekki skipast eftir að hafa verið áminntir einu sinni eða tvisvar.<sup>28</sup> Ef agameðulum kirkjunnar væri hins vegar beitt á dutlungafullan hátt væru þau gerð máttlaus. Loks er áhugavert að Magnús skuli vara prestinn sérstaklega við að láta „[...] vondra manna kuis og aaustur [...]“ hafa áhrif á embættisfærslu sína, líkt og hann teldi líklegt að það ætti við í máli Guðbjargar. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu virðist Magnús ekki hafa framkvæmt neina eigin rannsókn á barneign Guðbjargar eða ástæðum prestanna fyrir að útiloka hana frá sakramentinu umfram fyrirspurnir sínar á þinginu. Hann virðist því tæpast hafa sett sig inn í málið til nokkurrar hlítar. Orð Einars Sigurðssonar og Nikulásar Þorsteinssonar gáfu svo sem enga ástæðu til slíkrar rannsóknar nema síður væri. Kunna ummæli Einars að benda til að Sigurður prófastur hafi ekki rökstutt fyrir máli sín til hans og honum því verið ókunnugt um hvers vegna hann mátti ekki taka Guðbjörgu til altaris. Eins geta kennimennirnir báðir hafa talið sig undir þagnarskyldu setta vegna þess að vitneskja þeirra um málavöxtu væri sprottin af leynilegum skriftum.

Þar sem Einar prestur hafði aðeins farið að fyrir mælum yfirboðara síns beindist sú gagnrýni sem hér kom fram ekki að honum einum heldur setti hér veraldlegur valdsmaður, sem auk þess var tengdur Sigurði prófasti, ofan í við hann á grundvelli kirkjuskipanar Kristjáns III.<sup>29</sup> Samkvæmt henni skyldi veita sakramentið öllum sem stóðust próf um tilskilda þekkingu í kristnum fræðum, skildu gildi sakramentisins, játuðu brot sín og óskuðu aflausnar nema þeir yrðu sannir að bannfæringarsök eða játuðu við skriftir manndráp sem þeir hefðu ekki viðurkennt opinberlega, tekið út refsingu fyrir og sæst auk þess við aðstandendur hins drepna.<sup>30</sup> Slíkir brotamenn höfðu enda fallið í bann án dóms vegna glæpsins sjálfs.<sup>31</sup> Engum sem ekki var sannur að bannfæringarsök mátti því meina um að ganga til altaris og þeir sem uppvisir voru að sökum sem vörðuðu bannfæringu skyldu ekki aðeins útilokaðir frá altarisgöngunni heldur bannfærðir formlega létu þeir ekki segjast við áminningar. Einungis mátti synja vitskertu fólki um altaris sakramentið, sem og ungbörnum sem kunnu ekki skil góðs og ills, þeim sem voru opinberlega forhert í einhverjum villulærdómi, ásamt þeim sem lifðu í

<sup>27</sup> *DI XIII*, bls. 711.

<sup>28</sup> *DI X*, bls. 148. Sjá Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720*, bls. 203–204.

<sup>29</sup> Ragnheiður, móðir Magnúsar, var mágkona Sigurðar. Hjalti Hugason, „Frumkvöðull siðbótar á Norðurlandi?“, bls. 51.

<sup>30</sup> *DI X*, bls. 194–196. „Den danske kirkeordinans, 1539“, bls. 183–185.

<sup>31</sup> Sjá Lára Magnúsdóttir, *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550: Lög og rannsóknarforsendur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007, bls. 218–219.

opinberum löstum: hórkörlum, frillulífsfólki, okurkörlum, ofdrykkjumönnum, „blótvörgum“, ofríkismönnum og öðrum sem fyrir litu orð Guðs eða brutu vísvitandi móti betri vitund.<sup>32</sup>

Ekki er því annað að sjá en úrskurður Magnúsar príða hafi verið í fullu samræmi við kirkjuskipan Kristjáns III og að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að embættisfærsla klerkanna tveggja væri röng samkvæmt henni. Fyrsta barneignarbrot ógífrar heimasætu nægði sem sé ekki til bannfæringar og án hennar kallaði ekkert eftir að hún væri sett út af sakramentinu hefði hún tilskilda þekkingu og skilning til að neyta þess ekki sér til dómsáfallis. Ekkert bendir til að neitt hafi verið út á greind eða þekkingu Guðbjargar á Grænavatni að setja. Þrátt fyrir barneignina gat hún heldur ekki talist frillulífskona ef hún bjó ekki með barnsföður sínum (sjá síðar). Úrskurður Magnúsar virðist einnig vel grundaður á lútherskri sýn, m.a. á hlutverkaskiptingu kirkjulegra og veraldlegra yfirvalda. Í því sambandi má geta þess að Magnús hafði dvalið einhver ár í Þýskalandi og var vel mæltur á þýsku. Hann getur því vel hafa verið betur að sér í lútherskum fræðum en klerkarnir sem í hlut áttu.<sup>33</sup>

Í máli Guðbjargar Kolbeinsdóttur laust saman tveimur stórhöfðingjum, Magnúsi príða og Sigurði á Grenjaðarstað, tveimur embættum, sýslumanni og prófasti, og þegar dýpst er skyggnst tveimur valdsviðum, hinu veraldlega og því andlega. Athygli vekur að ógift bónda-dóttir skuli hafa hrint af stað slíku máli. Spyrja má hvort þar hafi legið til grundvallar trúarlegar ástæður og angist yfir að fá ekki notið sakramentisins eða sært stolt þar sem blettur hafði verið settur á hana í samfélagi sveitarinnar. Þó má reikna með að hún hafi líka verið undir þrýstingi í málinu og berast böndin þá einkum að föður hennar. Víkur sögunni þá að annarri hlið Grænavatnsmálsins.

## Grænavatnsmál

Með úrskurði Magnúsar príða á þinginu í Haganesi var langt í frá að síðasta orðið væri sagt í þessu máli. Í kjölfarið kom þvert á móti upp langvarandi og flókin eftirgrennslan um ýmis mál sem sum rötuðu fyrir dóm og komu til kasta höfuðsmanns áður en yfir lauk. Ekki snerist það vafstur þó allt um Guðbjörgu og barneign hennar og vel að merkja er barnsins sjálfs hvergi getið. Ekki er til dæmis vitað hvenær það fæddist (sjá síðar), hvort það var drengur eða stúlka né heldur hvort það komst á legg. Ýmsir kunna líka að hafa haft þar óhreint mjöl í pokahorni. Ber þar hæst Kolbein, föður Guðbjargar, en einnig hugsanlega Magnús príða sjálfan.

Tæpum tveimur árum fyrir þingið í Haganesi, eða þann 5. júlí 1560, hafði Arngrímur Kolbeinsson, sem að öllum líkindum var elsti sonur Kolbeins á Grænavatni af fyrra hjónabandi og því hálfbróðir Guðbjargar, handsalað að hann „[...] skyldi sijn ord til leggja. og allt það hann mætti. vid fodur sinn [...]“ að hann seldi Magnúsi sýslumanni fyrstum manna Grænavatn ef hann „[...] villdi nockut fyrer sijn ord giora.“<sup>34</sup> Við sama tækifæri hét Arngrímur sýslumanni forkaupsrétti að jörðinni „[...] kynne suo verda. ad Arngrimur sialfur ætti.

<sup>32</sup> *DI X*, bls. 198. „Den danske kirkeordinans, 1539“, bls. 185–187, 193–194. Skúli S. Ólafsson, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720*, bls. 60. Geta má þess að lengi var blóðskömm talin til trúvillu. Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270–1870*, Reykjavík: Háskóli Íslands–Háskólaútgáfan, 1993, bls. 69–77.

<sup>33</sup> Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar príða*, bls. 12–13.

<sup>34</sup> *DI XIII*, bls. 506. Með fyrri konu sinni, Valgerði Sigurðardóttur, átti Kolbeinn börnin Arngrím, Þorgrím, Finnboga, Ólöfu, Guðrúnu og a.m.k. eina dóttur að auki sem komist hefur til fullorðinsára og átti a.m.k. tvær dætur með Einari Tómassyni sem mjög kemur hér við sögu en var látin er Kolbeinn gerði upp móðurarf barna sinna. Með síðari konunni, Guðrúnu Ólafsdóttur, átti hann a.m.k. Guðbjörgu. Guðrún átti svo a.m.k. soninn Grím Andrés. *DI XIII*, bls. 485, 715.

edur eigande yrði [...]“ að henni og Magnús skyldi „[...] hennar fyrstur manna. mætti hann [þ.e. Arngrímur] vm rada. niotande verða.“<sup>35</sup> Arngrímur hefur líklega verið í góðri trú um að hann yrði senn eigandi Grænavatns eða að minnsta kosti hluta jarðarinnar. Svo mikið er víst að nokkrum árum síðar, eða í lok janúar 1564, bar Jón nokkur Jónsson í votta viðurvist á Hálsi í Fnjóskadal að hann hefði heyrt Kolbein Arngrímsson „[...] tala með dryckiuskap at hann ætladi að giefa Arngrimi syni sinum þessa halfa jord Grænavatn“. Kvað Jón sér aftur á móti ókunnugt um að Kolbeinn hefði nokkurn tímann látið verða af þessu „[...] með neinum lagagiorningi [...]“.<sup>36</sup>

Hér var eftir töluverðu að slægjast fyrir Magnús. Grænavatn var önnur víðlendasta jörðin í Mývatnssveit og var metin til 30 hundraða. Þar af var þó hluti kristfé.<sup>37</sup> Til samanburðar má geta þess að góðar meðaljarðir jafngiltu að fornu yfir 20 hundruðum en höfuðból 60 hundruðum.<sup>38</sup> Hér skipti þó mestu að jörðinni tilheyrði brennisteinsnám í Fremrinámum við Ketildyngju sem var með gjöfulustu námum landsins. Það gekk þó um þetta leyti undan jörðinni og taldist eftir það í landi Reykjahlíðar.<sup>39</sup> Brennisteinn var eftirsótt útflutningsvara á sextánda öld enda náði konungur undir sig Fremrinámum 1563 og áskildi sér auk þess einkarétt á að kaupa allan brennistein sem unninn var á landinu.<sup>40</sup> Þess má geta að Sigurður Jónsson prófastur hafði einnig augastað á jörðinni, hvort sem líta má á hann sem keppinaut Magnúsar í þessu máli eða ekki.<sup>41</sup>

Ekki átti þó fyrir Arngrími að liggja að verða að öllu leyti maður þessarar heitstrengingar sinnar þar sem faðir hans seldi jörðina stjúpssyni sínum, Grími Andréssyni, í apríl árið eftir að Arngrímur hafði lofað Magnúsi þrúða henni. Voru kaupin liður í próventusamningi milli þeirra en í kaupbréfinu var tilskilið að auk þess sem Grímur gyldi fyrir jörðina, það er 15 málnytjukúgildi auk 15 hundraða í öðrum gjaldmiðli, skyldi hann „[...] at sier taka adur greindan Kolbein og modur sijna þa þau villdu eij lengur bunad hafa og hallda þau ærliga til matar og fata álagalaust so leinge sem þeir lifdu til.“<sup>42</sup>

Jörðin var samt ekki gengin Magnúsi úr greipum því að ári síðar, nánar tiltekið 4. apríl 1562, eða tæpum mánuði fyrir þinghaldið í Haganesi, seldi Grímur Magnúsi sýslumanni jörðina

[...] undan sier og sijnum erfingium. en under Magnus og hanz erfingia með öllum þeim gögnum og giædum. vötnum og veidistodum sem sagdre jord fylger og fylgt hefur at forno og nyo. og hann vard fremst eigande ath [...].<sup>43</sup>

Við kaupin hékk þó meira á spýtunni þar eð við þetta tækifæri „gaf“ Magnús Grím kvittan og ákærulausan af legorðssök sem hann hafði gerst brotlegur um með Þóru nokkurri Oddsdóttur „[...] hvor sok Magnuse tilheyrde og hann lofadi forlikun at giora vid Odd vegna

<sup>35</sup> Sama heimild, bls. 506.

<sup>36</sup> *DI XIV*, bls. 234–235. Sjá og *DI XIII*, bls. 717.

<sup>37</sup> Heimildum ber ekki saman um hvort kristféð nam þrem eða sex hundruðum. *DI XIII*, bls. 595, 709, 715–716, 720–721. *DI XIV*, bls. 423. Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók: Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 11, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1943, bls. 231. Jón Gauti Jónsson, *Mývatnssveit með kostum og kynjum*, Árbók Ferðafélags Íslands 2006, Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 2006, bls. 72–74, 102.

<sup>38</sup> Einar Laxness, *Íslands saga a–b*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 212–213.

<sup>39</sup> Jón Gauti Jónsson, *Mývatnssveit með kostum og kynjum*, bls. 72, 102–103, 212, 214.

<sup>40</sup> Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar þrúða*, bls. 20. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi III*, Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1924, bls. 139–141. Jón Gauti Jónsson, *Mývatnssveit með kostum og kynjum*, bls. 103, 212–216. Gunnar Karlsson, *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar*, Handbók í íslenski miðaldasögu III, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009, bls. 214–217.

<sup>41</sup> *DI XIII*, bls. 717.

<sup>42</sup> Sama heimild, bls. 595, sjá bls. 715.

<sup>43</sup> Sama heimild, bls. 709.

Grims. svo fra þeim deige skyllde eingin upp á hann tala meiga.<sup>44</sup> Það voru sem sé fleiri af yngri kynslóðinni á Grænavatni sem gerst höfðu brotlegir á kynlífssviðinu en Guðbjörg ein og beitti Magnús prúði sér greinilega fyrir lausn á máli Gríms samtímis kaupunum. Heimilaði Magnús þeim Kolbeini og Grími að nytja svo mikið af jörðinni næsta ár „[...] sem þeir þyrfti fyrir sig og sína peninga [...]“ en sagðist sjálfur vilja hafa það sem umfram væri auk húsrúms fyrir sig og fólk sitt er hann ætti leið um.<sup>45</sup>

Nokkrum dögum eftir þinghaldið, þar sem Guðbjörg hafði borið upp mál sitt, eða 2. maí 1562, samþykkti Kolbeinn Arngrímsson kaupsamninginn

[...] og sagði hann obrigdanliga. stodugan halldazt skylldu. fyrir sier. sinum erfingium og epterkomendum vm alldur og æfi. og suo mikid skylldi gilla. sem hann sialfur greindan kaupskap giort hefði: og hann skylldi þar alltri wpp a tala epter þan dag [...].<sup>46</sup>

Kvaðst Kolbeinn hafa tilskilið við Grím að selja engum öðrum en Magnúsi jörðina enda hefði hann áður veitt honum fyrirheit um hana.<sup>47</sup> Á móti hét Magnús sýslumaður „[...] at yfergefa Kolbein alldre. og Gudrunu Olafsdottur konu hans suo leinge þau lifdu.“<sup>48</sup> [Leturbr. HH] Þar með gekk Magnús inn í þær próventuskuldbindingar sem Grímur hafði axlað þegar stjúpi hans seldi honum Grænavatn. Þá getur hafa falist í þessu víðtækari verndar- eða stuðningsyfirlýsing.

Magnúsi prúða hefur verið í mun að kaupin væru öll sem formlegast frá gengin. Fjórum dögum eftir samkomulag þeirra Kolbeins, 6. maí 1562, nefndi hann sex menn í dóm

[...] ad skoda. Ransaka med gaumgjæfne. og þar effter doms atqvæde á leggja. hvort [þeim] litest ei mindugt og skiallegt. [s]trikt og stödugt. það kaupbref. sem hann hefde giört. med löglegum vitnum og fullnadar giorninge vid Grijm Andresson. og þar effter vid Kolbein Arngrijmsson. um jordena Grenavat vid Mývatn.<sup>49</sup>

Þá baðst hann einnig úrskurðar um

[...] hvort hann skilde ei meiga ad sier taka. hafa og hallda. biggia og bæla og leignidkan selia. gagn og alla nitkan af hafa. öllum þeim takmörkum. sem liggja fyrir jnnan þaug landamerke sem Kolbeirn tilskilde. einkade og ánafnade Magnuse Jonssyne i þeirra kaupbrefe. og med þessum örnefnum og ummerkium. gordum og gröfum. fiöllum og fjirnindum akvednum og tilnefndum [...].<sup>50</sup>

Magnús vildi með þessu láta skera úr um að hann hefði fullan nytjarétt af þeim gögnum og gæðum sem lágu innan landamerkja jarðarinnar. Niðurstaða dómsmanna var að engir meinbugir væru á kaupunum samkvæmt lögum landsins, það er *Jónsbók*. Að svo komnu máli dæmdu þeir „[...] kaupid löglegt. mindugt og skiallegt j allan máta og jordena Grænavatn obrygdanlega eijgn Magnúsar Jonssar so leijnge og þar til ad sögd jörd [...] af hönum sækist med riettum lögum [...].“<sup>51</sup> Á þetta síðasta ákvæði átti eftir að reyna eins og greint verður frá.

Í lok júlí um sumarið (1562) kvittaði Grímur Andrésson fyrir kaupin og lýsti Magnús „[...] kuittan og áklogunarlausan fyrir sier og ollum sinum Erfingium og Epterkomendum vm allt það jardarverd sem Magnus var skylldugur Grimi fyrir jordina Grænavatn vid Mývatn [...]“.<sup>52</sup> Mánuði síðar kvittaði Kolbeinn Arngrímsson svo fyrir kaupin fyrir sína parta. Hann gæti þá hafa verið sestur að próventu sinni hjá Magnúsi prúða í Rauðaskriðu en þar var

<sup>44</sup> Sama heimild, bls. 709–710, sjá einnig bls. 715.

<sup>45</sup> Sama heimild, bls. 716.

<sup>46</sup> Sama heimild, bls. 715.

<sup>47</sup> Sama heimild, s. st., sjá einnig bls. 717.

<sup>48</sup> Sama heimild, bls. 715. Sjá einnig *DI XIV*, bls. 9–10.

<sup>49</sup> *DI XIII*, bls. 720.

<sup>50</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>51</sup> Sama heimild, bls. 722.

<sup>52</sup> Sama heimild, bls. 762.



kvittunin gefin. Kolbeinn var þá „[...] heill at heilsu. okreinktri skinsemi og moguligri elli [...] lýsandi sig hafa seytian vm sextugt [...]“.<sup>53</sup> Heitstrenging Magnúsar við Kolbein að þessu sinni var eindregin en um hana segir:

Þar epter lofada Magnus Kolbeini sinum styrk og adstod. og hans konu Gudruno Olafsdottur. og hann skyldi þeim til gagns og goda og þau eig yfergefa medan þau lifdu epter þui sem j kaupbreffi Magnúsar og Kolbeins stod frekast skrifat. suo sagdist hann varnadi Kolbeins til goda leggja skyldu. huar hann vidstaddur vare þo þeim einum sem honum vari eig i mote med ord nie verk et cetera.<sup>54</sup> [Leturbr. HH]

Magnús þrúði hét því sem sé að vera málsvari Kolbeins í öllu sem ekki skaðaði hann sjálfan. Kolbeinn virðist þar með orðinn skjólstæðingur Magnúsar langt umfram það sem venjulegur próventusamningur gerði ráð fyrir.

Við þetta tækifæri handfesti Kolbeinn Magnúsi að sverja að hann vissi ekki betur „[...] fyrir Gude nie monnum. epter sinne samvisku. lýsing gamalla manna. og hefd sinna foreldra [...]“ en Grænavatn ætti alla þá landareign, ummerki og ítölur sem hann hafði tilgreint í kaupbréfi þeirra um jörðina og hann hefði ánafnað Magnúsi.<sup>55</sup> Eiðinn sór hann svo á almennu héraðsþingi á Helgastöðum í Reykjadal um miðjan september um haustið (1562).<sup>56</sup>

Í kvittunarbréfinu örlar á langvinnri deilu sem staðið hafði um nýtingu á helstu auðlindinni sem var að finna í landi Grænavatns þar sem var brennisteinninn í Fremrinámum.<sup>57</sup> Í bréfinu ritaði Kolbeinn

[...] ath Þorsteirn heitinn Fimbogason hefði medur ongum logum sokt af sier fremri nama. Þui hann sagdist þá vngur og omagi nær verid hafa: og gamlir menn hefði sier sagt. það Kolbeirn Þorgrimsson sinn afi hefði haft og halldit og sier eignat og jordunni Grænavatni alla fremri nama: og þar hefði einginn vpp a talat fra heidnum haug. suo nockur hefði það heyrnt fyrri enn Þorsteirn Fimbogason: og sagdur Kolbeirn Þorgrimsson hefði flutt Brennistein vr fremri namum og sudur i Straum. og vt til Flateyar þa Eingelsker hefði þar leigit. og sellt i þessum badum stodum [...].<sup>58</sup>

Þorsteinn Finnbogason (d. 1555), sem þarna var nefndur, bjó í Reykjahlíð og var lengi sýslumaður í Þingeyjarþingi sagður „[...] [f]yrirferðarmikill maður og auðugur“. Hann var faðir Nikulásar sem vitnaði með Guðbjörgu á Haganessþingi og Fúsa eða Vigfúsar (d. 1603), síðar sýslumanns í Þingeyjarþingi (sjá síðar).<sup>59</sup> Í framhaldinu gekk Magnús inn í þau átök sem verið höfðu milli þeirra Grænavatns- og Reykjahlíðarmanna að minnsta kosti frá því í tíð Þorsteins Finnbogasonar þó þannig að hugsanlegar bætur skiptust jafnt á milli Magnúsar og Kolbeins. Um það segir:

Hier eptir gaf Kolbeirn Magnusi Jonssyni sok og sokn. at helmingi vid sig: edur sina erfingia. ef hann eigi til entist af ollum þeim oretti sem Þorsteirn heitin Fimbogason hefði sier giort. og hans syner Fusi og Nichulas epter hann frafallinn huort það væri i ordum edur verkum á sinni personu. fremri namum edur eingium. edur huorriu nafni nefndist það orietti vid kiæmi.<sup>60</sup>

Deilan um Grænavatn hafði greinilega ýmsa fleti. Landamerki hér á landi hafa af eðlilegum ástæðum verið umdeild frá alda öðli. Ítök og nytjaréttur af ýmsu tagi hafa líka flækt málin þar

<sup>53</sup> DI XIV, bls. 9.

<sup>54</sup> Sama heimild, bls. 9–10.

<sup>55</sup> Sama heimild, bls. 10.

<sup>56</sup> Sama heimild, bls. 14.

<sup>57</sup> DI XIII, bls. 713. Sjá einnig DI XIV, bls. 10. Spenna kann að hafa verið milli Magnúsar og Reykjahlíðarmanna þegar áður en hann eignaðist jörðina. Jón Þorkelsson taldi að hennar mætti sjá stað þegar árið 1561 og hún m.a. komið fram í rógi um Magnús og fyrri konu hans, Elínu, kostað Magnús sýslumannstign árið 1563 og valdið því að hann fluttist vestur að Ögri 1565. Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar þrúða*, bls. 18–20, 27–33.

<sup>58</sup> DI XIV, bls. 10.

<sup>59</sup> Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskerár frá landnáms tímum til ársloka 1940 V*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1952, bls. 202.

<sup>60</sup> DI XIV, bls. 10.

sem landamerkin ein skáru ekki úr um réttindi jarðeigenda með ótvíraðum hætti. Ein hlið deilunnar kom fram í að í lok nóvember 1551 hafði Ormur Sturluson (1516–1575) lögmaður að norðan og vestan ógilt úrskurð sem hann hafði áður gert hjá Kolbeini Arngrímssyni á Grænavatni um landamerki milli Grænavatns og Baldursheims. Nikulás og Vigfús höfðu þá framvísað gildum dómi um landamerkin ásamt eiðum sem „goder menn“ höfðu svarið „[...] at haldin hefdu verit i xx eda xl aar aatölulaust at sinu viti.“<sup>61</sup> Að öllum líkindum var þarna meðal annars tekist á um Fremrináma.

Mikil harka var sýnilega í deilu Grænavatns- og Reykjahlíðarmanna og veitir hún nokkra innsýn í það samfélag sem hér var við lýði um miðja 16. öld en þá vantaði mikið á að hér væri friðað réttarríki þar sem valdstjórnin ein hefur heimild til að beita líkamsafli í átökum.<sup>62</sup> Kolbeinn á Grænavatni sakaði þá feðga og menn þeirra um að hafa ítrekað sýnt sér og mönnum sínum ofbeldi heima á Grænavatni, á förnum vegi, í kaupstað, sem og við kirkju í Reykjahlíð og á Skútustöðum, svo að stórmeiðingar hefðu hlotist af. Þá kvað hann þá bræður hafa „[...] med ofriki og rifballdaskap haft og sla latid nær allar sinar eingiar. og odrum lofad suo hann sagdist ei hafa þorat at at finna [...]“.<sup>63</sup> Auk þess hefðu þeir bræður eignað sér margt í landi Grænavatns og jarðarinnar Brjánsness sem faðir þeirra hefði aldrei gert tilkall til.<sup>64</sup> Kvaðst Kolbeinn oft hafa leitað leiðréttingar þessara mála í lögmannstíð Ara Jónssonar Arasonar (d. 1550, lögm. 1529–1541) en aldrei fengið.<sup>65</sup>

Miðað við hve hörð þessi deila var er athyglisvert hve Nikulás Þorsteinsson bar Guðbjörgu Kolbeinsdóttur vel söguna þegar hún leitaði réttar síns á þinginu í Haganesi. Kann það að hafa stafað af mannkostum hans eða því að hann hafi haldið hagsmunaátökunum og persónulegum málefnum Guðbjargar aðskildum. Loks kann þetta að sýna hversu mikilsvert menn töldu að einstaklingar nytu þess réttar að ganga til altaris. Að guðfræðilegum skilningi má túlka þessa aðgreiningu Nikulásar svo að hann hafi leitast við að halda valdsviðunum, það er hinu trúarlega og veraldlega, aðskildum.

Til merkis um aðkomu Magnúsar prúða að deilunni má geta þess að haustið 1562 og um áramótin þar á eftir þráspurði hann í votta viðurvist Nikulás Tómasson, sem líklega var bróðir Einars Tómassonar, sem á eftir að koma hér mjög við sögu, um falsað bréf um Grænavatns- eignina. Í gangi voru sögur um að Nikulás hefði falsað bréf um málið og segði Kolbein á Grænavatni og Jón Magnússon (d. 1564), lögréttumann á Svalbarði við Eyjafjörð, föður Magnúsar, hafa verið í vitorði með sér. Sjálfan grunaði Magnús að einhverjir hefðu keypt Nikulás að „[...] seigia þessar lygar vppa sig. at hann hefði falsad brefin [...]“.<sup>66</sup> Nikulás gekkst við fölsuninni, hafnaði því að hafa sagt Kolbein og Jón samseka sér en svaraði engu til um hvort hann hafi verið keyptur til.<sup>67</sup> Kolbeinn og Jón höfðu nokkru fyrr, eða síðsumars

<sup>61</sup> *DI. Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn XII, 1200–1554*, útg. Páll Eggert Ólason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923–1932, bls. 336

<sup>62</sup> Sjá Hjalti Hugason, „Siðbót og sálarangist. Um ofbeldi, spennu, átök og hrun á siðbótartímanum“, *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 189. ár, vor 2015, bls. 53–85.

<sup>63</sup> *DI XIII*, bls. 713. Jörðin var í Reykjahlíðarsókn. Að Reykjahlíð var um fjórðungur þingmannaleiðar en seinfært yfirferðar. Í *Jarðabók* Árna og Páls segir að þess vegna hafi heimilisfólkið oftast sótt til Skútustaða og kann svo líka að hafa verið á 16. öld. Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók*, bls. 232.

<sup>64</sup> *DI XIII*, bls. 713.

<sup>65</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>66</sup> *DI XIV*, bls. 20.

<sup>67</sup> Sama heimild, bls. 19–20. Umrætt bréf hefur líklega verið eitt af þeim skjölum sem Nikulás framvísaði „[...] fyrir sinn husbonda Kolbein Arngrímsson [...]“ á alþingi 1553 og fékk úrskurð Odds Gottskálkssonar (d. 1556), lögmans að norðan og vestan og nýjatestamentisþýðanda, um að væru gild. Var Jón í Svalbarði viðstaddur gjörninginn og vitnaði um hann. *DI XII*, bls. 600–601. Kann þar að vera komin skýring á orðróminum. Þar á meðal var að öllum líkindum bréf með úrskurði um landamerki Grænavatns og Baldurheims sem Ormur Sturluson hafði vissulega gert 1551 eða fyrr en ógilti í nóvember það ár.

1562, lýst sig saklaus af bréfafalsi.<sup>68</sup> Sögðust þeir þá „[...] eij vita stund ne tima sina lifdaga en fyrer elle sokum og krankleika miög at þrotum [...]“ komna.<sup>69</sup>

Vera má að Kolbeinn Arngrímsson og þeir Grænavatnsmenn hafi litið svo á að við ofurefli væri að etja í þessari hörðu deilu sem einkum snerist um Fremrináma og hafi talið ávinning af að jörðin kæmist í hendur höfðingja á borð við Magnús prúða þótt hún gengi þar með úr ættinni. Hafa þeir þá litið svo á að hag sínum væri betur borgið með að Magnús tæki við málsvörn þeirra og þeir fengju hlut í hugsanlegum bótum fyrir ágang og ofbeldi undangenginna ára.

Þá getur verið að kaupin tengist barneign Guðbjargar Kolbeinsdóttur og togstreitu um rétt hennar til að ganga til altaris og að mál hennar hafi þá verið flóknara en látið var að liggja á þinginu í Haganesi. Svo mikið er víst að Kolbeinn batt kaup Magnúsar á jörðinni þeim skilmálum um vernd sem lýst er hér framar og þau fóru fram einmitt í sama mund og Magnús dæmdi í málinu. Þar sem Sigurður prófastur á Grenjadarstað var einnig orðaður við kaup á Grænavatni getur líka verið að víðtæk hagsmunatogstreita höfðingja hafi hlaupið í málið. Magnús getur þá hafa tekið málstað Guðbjargar til að tryggja sér jörðina á kostnað Sigurðar og/eða til að þrengja að Reykjahlíðarmönnum. Í því sambandi valt á miklu hve vel hann var upplýstur um barneignarmál hennar þegar kaupin voru gerð (sjá síðar). Þegar upp er staðið getur verið að Guðbjörg hafi í raun orðið leiksoppur í þessari deilu karlanna, sem væri háalvarlegt mál eins og litið var á sálarheill fólks á þessum tíma.

## Grunsemdir vakna

Ekki virðist öllum hafa verið rótt þótt gengið hafi verið frá formlegum kaupum á Grænavatni. Þvert á móti virðist Magnús þegar frá leið hafa tekið að gruna að mál Guðbjargar kynni að vera flóknara en haldið hafði verið fram á Haganesþingi. Á aðventunni 1562 stefndi hann fimm vottum á sinn fund og lýsu þeir yfir að

[...] þann vij dag decembris. j nýiu stofuni j Skridu j Reykiadal. nær siottu stundo vorum wier vid stadder saum og wpp aa heyrðum. at syslomadurinn Magnus Jonsson. at spurdi velkyntan mann. Kolbein Arngrimsson. huort han hefði nockrum manne sagt j trunadi. edur huort hann til vissi nockra breytnei sinna dætra og stiupsona. adra en þa sem meinalaus væri. og opinber. en hann sagði nej til og handfesti Magnúsi at sueria þar at fullan eid þa hann med logum væri þar til skyldadur. vorum vier aller odruckner. og heilir ad heilsu og allri skynseme.<sup>70</sup>

Óvíst er til hvers Magnús vísaði með ummælum um trúnaðarsamtal Kolbeins. Þar átti hann í öllu falli vart við játningu fyrir yfirvaldi (sjá síðar).

Þetta nægði þó ekki þar sem 12 menn uppaldir í „nordursveitum“, vistfastir og búandi í Reykjadal, Bárðardal og Mývatnssveit og nær allir kunnugir Kolbeini frá barnæsku vottuðu í byrjun júní 1563 að hann hefði leitað „[...] eins almenniligs ordroms og vittnisburdar til vor hvers fyrir sig vm sina breyttnei og framferdi til orda og giorda leynt og liost fyrr og sidarr et

---

Er líklegt að hin bréfin hafi einnig snert eignarhald eða nytjar á Grænavatnseign almennt og/eða á Fremrinámum sérstaklega. Með tilliti til föðurnafnsins má geta sér þess til að Nikulás og Einar hafi verið bærður og geta hafa verið samtímis heimilisfastir á Grænavatni.

<sup>68</sup> *DI XIII*, bls. 762–764. Vinátta virðist hafa verið með Kolbeini á Grænavatni og Jóni á Svalbarði og kunna þeir að hafa dvalið samtímis í Skriðu. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir IV*, bls. 470–471.

<sup>69</sup> *DI XIII*, bls. 764.

<sup>70</sup> *DI XIV*, bls. 25.

cetera.<sup>71</sup> Þeir kváðust „[...] alldre sied nie heyrtt. nie uittad Kolbein sier skickad hafa. edur hegdat odruvis en einvm ærligvm dandi manni heyrði og bæri til ordz og ædis.“<sup>72</sup>

Um miðjan júlí um sumarið (1563) sór Kolbeinn Arngrímsson svo eið í fjögurra votta viðurvist í Skriðu að hann hafi „[...] alldre af vitad. hyllt edr samþyktt neina oheyriliga breytne [sinna] dætra edur stiuþsona. adra enn þa meinalaus og obinber hefur verit fyrir ollum [sínun] sueitarmonnum [...].“<sup>73</sup> Með fyrirvaranum vísaði hann til einfalds barneignarbrotis Guðbjargar dóttur sinnar sem lá til grundvallar úrskurði Magnúsar í Haganesi. Eiðnum var aftur á móti ætlað að hnekkja mun alvarlegra ámæli, nefnilega að Kolbeinn hefði hylmt yfir og hugsanlega umborið átöluvítið óleyfilegt kynlíf yngri kynslóðarinnar á Grænavatni.

Inngangsorð eiðsins voru þessi:

Saker þess ath huerium manne er skylt epter megne sin heidur. gods og gott Rykti at forsuara. þa stund mann lifer. med þui það lifdagar huors manns eru fallualter og stundliger. og saker þess at sa ordromur er nu almeniligur manna a mille. at eg skuli hafa hafft og halldit. vitad og samþyktt a minum bæ adra breitni og frammferde mina dætra og stiuþsona: enn þa sem ærlig og opinber hefur verid fyrir ollum monnum. eg fra skil þær lysingar sem nu heyri eg hafdar epter mine dottur Gudbiorgo vm sina barneign og eg hefi eygi fyri vitad. huorn eg held vppkueiktann a mic af minum hatursmoñnum mier til eins afellis og mottkast[s]. sem Gud fyrirgefi þeim. amen.<sup>74</sup>

Hér vísaði Kolbeinn til að minnsta kosti orðróms um að Guðbjörg hefði játað á sig alvarlegt brot er hann hefði ekki vitað um áður. Þau feðginin virðast því ekki hafa verið samvistum um hrið, sem styrkir þá getgátu að Kolbeinn hafi farið í Skriðu þegar árið áður (1562) og Guðbjörg þá eitthvert annað. Kvaðst Kolbeinn ekki trúa orðróminum og lýsti frásagnirnar af saurlifnaði Grænavatnsfólks álygar sem rekja mætti til hatursmanna hans og hljóta böndin þá að berast að Reykjahlíðarmönnum vegna þess sem á undan var gengið. Hér varaði Kolbeinn sem sé við fölskum ásökunum líkt og Magnús þrúði hafði gert í Haganesi. Því næst lýsti Kolbeinn því yfir að eiðurinn skyldi vera sín „[...] hin seinasta lysing [...]“ á málavöxtum.<sup>75</sup> Skyldi hann vera til vitnisburðar gegn því sem hann sjálfur kynni að bera á annan veg síðar pyntaður, vegna „[...] mannlígs breys[k]leika og nat[t]urlígs ostodugleika [...]“, vegna þess að hann væri heimsóttur af „[...] krankleika og skynsemdarleysi [...]“ eða vegna þess að hann næði ekki „[...] loglígu vndanfære af valldsmanninum [...]“.<sup>76</sup>

Sjálfur eiðstafurinn hljóðaði svo:

[...] eg Kolbein Arngrims[son]. heill at heilsu og okreinktre skynseme. suer þann eid vid gud og það heilaga Euangelium vors herre Jhesu Chris[t]e. það eg hefi alldre af vitad. hyllt edur samþyktt neina óheyriliga breytne mina dætra edur stiuþsona. adra enn þa meinalaus og obinber hefur verit fyrir ollum minum sueitarmonnum: vtan það sem eg nu fyrir stuttu heyrtt hefi. og eij hefi adur fyri vitad. af medkiening minar dottur Gudbiargar vm hennar barnneign. enn sanleikann veit eg ecki. Og at suo j sannleika er. þa hialpi mier hier epter, en ecki framar. vor herra Jhesus Christus.<sup>77</sup>

Magnús þrúði var viðstaddur svardagann sem unninn var á heimili hans og hafði hann enda sjálfur ritað eiðstafinn og „seinustu lýsingu“ Kolbeins á málavöxtum að beiðni hans. Magnús hafði líka heitið því að styðja og styrkja Kolbein í öllu sem honum væri unnt og beindist ekki gegn hagsmunum hans sjálfs og hafði þannig gerst málsvari eða verjandi Kolbeins. Hann átti þó sjálfur hagsmuna að gæta en þeir fólust í að hann hefði ekki fellt rangan úrskurð á

<sup>71</sup> Þess má geta að þetta bréf er gert að Grænavatni og má líta á það sem röksemd gegn því að Kolbeinn hafi verið sestur að í Skriðu í skjóli Magnúsar. Svo þarf þó ekki að vera þar sem jörðin var nú í eigu Magnúsar og hann átti aðild að málinu í heild. *DI XIV*, bls. 99–100.

<sup>72</sup> Sama heimild, bls. 100.

<sup>73</sup> Sama heimild, bls. 125.

<sup>74</sup> Sama heimild, bls. 124–125.

<sup>75</sup> Sama heimild, bls. 125.

<sup>76</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>77</sup> Sama heimild, s. st.

Haganesþingi og að enginn vafi léki á um eignarhaldið á Grænavatni um það leyti sem hann eignaðist jörðina. Hefði Kolbeinn þá þegar verið orðinn sekur um að hylma yfir með heimilisfólki sínu er gerst hefði sekt um alvarlegt, ólöglegt athæfi gæti hann hafa verið búinn að fyrirgera eignarrétti sínum og jörðin öll eða að hluta verið fallin í hendur konungi. Magnúsi virðist þó ekki hafa verið mest í mun að verja þessa veraldlegu hagsmuni sína heldur viljað rækja skyldur sínar sem réttláts, kristins valdsmanns. Sem slíkum bar honum að vinna gegn óguðlegu og siðlausu líferni og koma í veg fyrir að menn hættu sálhjálp sinni með að sverja rangan eið. Hér stönguðust því á persónulegir hagsmunir hans og skyldur hans í samfélaginu. Sjónarvottar og þeir sem voru vottar að fyrrnefndum svardaga Kolbeins sögðu svo frá samræðum þeirra fyrir eiðtökuna:

[...] bad Magnus Kolbein fyrir Gudz skulld að þeinkia velferd sinnar salar og ottast gud meir enn mennina að sueria edur medkienna þa eina eida sem hann mætti med hreinne samuisku annsuara fyrir gudi aa hinum seinasta deigi. þui þa yrði opinbert það adur væri leynt. og bad hann minnst þau ord sem sa himneski lærimeistari vor frelsar[e] Kristus hefði sagt i gudspiallinu, ad huor hann afneitadi sier fyrir monnum hann villdi honum afneita fyrir sinum elskuliga fodur aa hinumm efsta deigi. suo fyndist oc dæmi til ad dioflar hefði tekit lifandi menn og burtu fært þa sem rangt suæri og sagdi Kolbeirn þyrfti ongvar lysingar at hafa edur eida sueria vpp aa sinna vegna edur Grænauatz þui hann villdi heldur su jord syki heldur enn nockur madur afneitadi sinum gudi. enn hann sagdist þetta hans bref skylldu geyma ef hann mætti þat bata. enn Kolbeirn sagdist þennan tylftareid skylldi sueria þa hann væri med logum krafður.<sup>78</sup>

Eiðurinn í Skriðu virðist alfarið hafa verið að frumkvæði Kolbeins sjálfs og verið hugsaður sem bráðabirgðaaðgerð af hans hálfu er standa skyldi sem yfirlýsing um vammleysi hans þar til hann yrði krafinn um opinberan eið í málinu. Eins og fram er komið vildi hann að til væri vottfest lýsing sín á málavöxtum ef hann dæi eða yrði ófær til að bera vitni enda var hann orðinn gamall maður. Viðbrögð Magnúar þrúða benda aftur á móti til að hann hafi ekki verið sannfærður um að orðrómurinn um nýja játningu Guðbjargar væri rangur enda voru illar grunsemdir greinilega vaknaðar með honum þegar veturinn áður.

Nokkru síðar, eða 25. ágúst (1563), bar saman í kaupstaðnum í Húsavík fundum Magnúsar þrúða og Vigfúsar Þorsteinssonar sem þá var nýtekinn við Þingeyjarþingi eftir Magnús.<sup>79</sup> Kvaðst Magnús þá hafa heyrt að Kolbeinn Arngrímsson hefði skýrt Páli Stígssyni höfuðsmanni frá

[...] at hann hefði þui sellt Magnusi Grænavatn at hann hefði lofat at forsuara oll brot sinna stuipsona og dætra og það at sialfur Kolbeirn hefði hier af vitad med Einare og Gudbiorgu. Enn Magnus beiddizt hier a vndanfæris þui hann sagdizt af atferli folks Kolbeins eigi hafa vitad vtan það sem odrum var kunigt adur þau medkiendu sin bort og alldreii nockra oraduendni lofat fyrir þau at forsuara.<sup>80</sup>

Þarna rakti Magnús mjög alvarleg málsatvik bæði fyrir hann sjálfan og Kolbein. Kolbeinn átti sem sé að hafa játað fyrir höfuðsmanni að hann hefði vitandi vits keypt sér og heimilisfólki sínu málsvörn Magnúsar þrúða í alvarlegu brotamáli og hefði Guðbjörg þá þegar notið þess á Haganesþingi. Kolbeinn hefur þá haft rangt við frá upphafi en þó að öllum líkindum leynt hinu sanna fyrir Magnúsi, málsvara sínum, þótt hann hefði verið farið að gruna margt þegar árið áður. Einar sá sem þarna var nefndur til sögunnar var sýnilega barnsfaðir Guðbjargar, sem ekki hafði verið gert uppskátt um áður (sjá síðar). Hugsanlega hafði Magnús heyrt allan þennan orðróm um játningu Kolbeins fyrir höfuðsmanni þegar fyrir svardagann, rúmum mánuði fyrr, og því verið svo mikið í mun að koma í veg fyrir að hann sværi eiðinn.

<sup>78</sup> Sama heimild, bls. 123–124.

<sup>79</sup> Vigfús varð sýslumaður 1563 er hann og Nikulás bróðir hans seldu konungi brennisteinsnámur sínar, m.a. í Fremrinámum, sem þá höfðu gengið undan Grænavatni. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkjar æviskrár* V, bls. 63.

<sup>80</sup> *DI* XIV, bls. 138

Hér var sem sé mjög alvarleg staða komin upp fyrir Magnús þar sem hann hafði verið borinn út fyrir að hafa hugsanlega í gáleysi látið kaupa sig til málsvarnar fyrir stórbrot sem hann hefði láti undir höfuð leggjast að rannsaka og því fellt rangan úrskurð í Haganesi. Í versta falli var hægt að ásaka hann fyrir að hafa gert þetta vitandi vits þótt ekki sé hægt að sýna fram á að svo hafi verið. Ef til vill er þarna að einhverju leyti að finna skýringu á að Vigfús var nú orðinn sýslumaður í hans stað þótt salan á Fremrinámum til konungs kunni þar einnig að hafa hjálpað til. Þá sagðist Magnús hafa spurt vestan úr Eyjafirði að Vigfúsi hefði verið boðið að gera Grænavatn upptækt og afhenda Arngrími Kolbeinssyni að hálfu en konungi að hálfu en því kvaðst hann ekki trúa.<sup>81</sup> Hefði slíkur úrskurður væntanlega verið felldur af Páli höfuðsmanni og byggst á að Kolbeinn hefði fyrirgert eignarrétti sínum og þar með Gríms Andréssonar á jörðinni með yfirhýlmingu og hún að hálfu verið fallin undir konung og að hálfu undir erfingja. Það sýnir hve málið var brýnt að Magnús beiddist að þing yrði haldið á Helgastöðum í Reykjadal þegar í stað, það er laugardaginn næstan fyrir *decollatio Iohannis* (höfuðdaginn, 29. ágúst), og hefði hann þegar látið boða til þess en sér ríði á að skorið yrði úr hvor þeirra Kolbeins væri „[...] líkari til sanninda“.<sup>82</sup> Vigfús sýslumaður fór undan í flæmingi og sagðist „[...] eigi vera lidugur til þinga at sinne“.<sup>83</sup>

Vigfús virðist ekki hafa orðið við beiðni Magnúsar um þing fyrr en í lok janúar árið eftir (1564) en á þriggja hreppa þingi á Helgastöðum bauð Magnús prúði Fúsa Þorsteinssyni

[...] sem at sagðist hafa kongsins syslu í Þingeyarþingi: at standa lög og Riett þar a þingino ollum monnum þeim sem nockut þættist hafa til hans at tala. huort sem það væri með ord edur verk meira edur minna hattar manni. edur hefði hann sier oriettiliga skjickat i medferdi þeirrar somu syslu.. [svo] og bad huorn framganga sem sier villdi nockrar sakier gefa.<sup>84</sup>

Enginn gaf sig fram við þetta tækifæri sem vildi „[...] hann klaga edur nockut asaka [...]“.<sup>85</sup> Menn virðast því almennt hafa talið að Magnús hafi farið rétt með embætti sitt.

Næst skarst í odda með þeim Magnúsi og Vigfúsi sýslumanni á almennu héraðsþingi á Helgastöðum miðvikudaginn næstan eftir hvítasunnu um vorið (1564). Þar bauð Magnús Vigfúsi „[...] ad giora eina declararcio og vpplýsing allra sinna orða [...]“ á síðasta Helgastaðarþingi, skýra þau, rökstyðja og svara lögum fyrir þau og athafnir sínar hvort sem þau snertu Magnús eða aðra menn.<sup>86</sup> Átti hann þarna að líkindum einkum við Grænavatnsmálið. Beitti Magnús sér greinilega af öllum þunga í málinu en í lýsingu sjónarvotta segir:

Elligar sagdi hann ad Fusi mundi þess mals alldre vppreissn eiga. og eij sidar meir heyrast eiga þui hann sagdi sier bagt hier vitnum at ad koma j odrum sueitum. enn nu væri margir vid stadder sem heyrst og sied hefði huat hann talad edr giort hefði. Enn hann fyrirbaud Fusa vnder hæstu stridu laganna. epter þann dag nockurn dom þar yfer ad seigia edr seigia lata sier til motkastz edur hindunar edr afellis.<sup>87</sup>

Skaut Magnús „[...] sino mali það hann snyrti og Kolbein Arngrímson vm jordina Grænavatn [...]“ undir dóm sem Eggert Hannesson (um 1515–1583) lögmaður norðan og vestan tilnefndi á næsta Öxarárþingi þar sem hann hygðist verða viðstaddur sjálfur eða senda umboðsmann sinn.<sup>88</sup> Lýsti hann sig og eigur sínar

<sup>81</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>82</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>83</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>84</sup> Sama heimild, bls. 235.

<sup>85</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>86</sup> Sama heimild, bls. 266.

<sup>87</sup> Sama heimild, bls. 267. Á þessum tíma virðist flutningur Magnúsar í Ögur þegar hafa verið ákveðinn.

<sup>88</sup> *DI XIV*, bls. 267.

[...] i vernd og biskierming sins nadugasta herra kongsins. fyrir Fusa. ollum hans adstodumonnum. ollum odrum vti fra. Suo og sagdi hann sig i alla hlydni og logliga ljidskylldu. þeirre sem honum bæri ad syna Guði og monnum.<sup>89</sup>

Svaraði Vigfús sýslumaður því tvívegis til að hann skyldi verða á Öxarárþingi „[...] þo það giordi hann eigi vpp a hans vegna. og ecki fieck Magnus af honum annat suar“.<sup>90</sup>

### Hvers eðlis var brotið?

Haustið 1564 tók Magnús prúði enn upp barneignarmál Guðbjargar Kolbeinsdóttur en nú frá nýju sjónarhorni. Þá tók hann sem sé að grafast fyrir um hvernig dvöl Einars Tómassonar hefði verið háttað á Grænavatni í kjölfar barnsfæðingarinnar en nú virðist hafa verið orðið ljóst að hann var faðir barnsins.

Einar þessi hafði líklega lengi verið heimilisfastur á Grænavatni en hann og Kolbeinn Arngrímsson voru báðir vottar að bréfi sem ritað var þar síðsumars 1553.<sup>91</sup> Hann hefur sennilega verið skilmerkilegur maður og kemur nokkrum sinnum fram sem vottur að skjölum, ekki síst eftir að hann hafði gengið í þjónustu Sigurðar Jónssonar á Grenjaðarstað.<sup>92</sup> Þá átti hann að minnsta kosti tvær dætur, Valgerði og Vigdís, og var móðir þeirra dóttir Kolbeins, sem verið hefur af fyrra hjónabandi hans og var líklega látin töluvert fyrir 1560. Þær Guðbjörg hafa þá verið hálf systur. Með bréfi dagsettu föstudaginn í fardögum (sem var 24. maí) þá um vorið lýsti Kolbeinn því yfir að hann hefði fyrir mörgum árum gefið Valgerði „[...] allar sinar lauggiafer [...]“ en Vigdís ætti hjá sér fimm hundruð er Einar hefði fengið honum og væri sumt móðurarfur hennar. Jafnframt lýstu þeir Kolbeinn og Einar hvor annan „[...] aulldungis kuittan [...] um aull þeirra býti og skipti sem þeirra a milli farid hefði allt til þess ed þa var komit“.<sup>93</sup> Einar virðist því hafa verið tengdasonur Kolbeins en ekkjumaður er hann gat barnið með Guðbjörgu mágkonu sinni.<sup>94</sup> Einar var vistfastur á Grænavatni uns hann gerðist sveinn Sigurðar prófests í fardögum sama sumar og Guðbjörg fæddi barnið á Þorláksmessu (20. júlí).<sup>95</sup> Líklegt er að Einar hafi einmitt verið að flytja frá Grænavatni þegar fyrrgreint bréf var gert og þeir Kolbeinn því verið að gera upp fjármál sín.<sup>96</sup> Barn Guðbjargar og Einars hefur þá fæðst sumarið 1560 eða nokkrum mánuðum eftir að Arngrímur, hálfbróðir Guðbjargar, hét Magnúsi fyrst Grænavatni.<sup>97</sup> Barnið hefur þá verið á öðru ári þegar úrskurðurinn í Haganesi var gerður hafi það lifað.

Þessi nýja eftirgrennslan Magnúsar var ugglaut sprottin af sögusögnum um játningu Guðbjargar og að siðferði á Grænavatni væri áfátt, sem og hugsanlegri rannsókn Vigfúsar sýslumanns, sem kann að hafa leitt til játningarinnar. Kristinréttur Árna Þorlákssonar bannaði að maður stundaði kynlíf með samfeðra systur og breytti þá engu um hvort sú fyrri var lífs

<sup>89</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>90</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>91</sup> *DI* XII, bls. 605.

<sup>92</sup> Sjá m.a. *DI* XIII, bls. 489, 516, 527.

<sup>93</sup> Sama heimild, bls. 485–486.

<sup>94</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>95</sup> *DI* XIV, bls. 306, sjá og 319, 323. Sjá *DI* XIII, bls. 489.

<sup>96</sup> *DI* XIII, bls. 486.

<sup>97</sup> Af texta bréfs sem vottar um að Einar hafi aldrei dvalið tveimur nóttum lengur á Grænavatni eftir að Guðbjörg ól barnið má ráða að það hafi fæðst á Þorláksmessu á sumar (20. júlí) en þar segir strax eftir að greint er frá fæðingunni að Einar „[...] hafe það sama sumar j fardogum adur [...]“ gengið í þjónustu Sigurðar Jónssonar. *DI* XIV, bls. 306, sjá og 319, 323. Á þessum tíma var árinu skipti í tvö misseri, sumar og vetur, því hefði ekki verið sagt „sama sumar“ ef um Þorláksmessu á vetur hefði verið að ræða.

eða liðin. Hér var með öðrum orðum um blóðskammarbrot eða sífjaspell að ræða. Á gildistíma kristinréttar Árna voru þau Guðbjörg og Einar því friðlaus þar til þau höfðu skrifað opinberlega og fengið aflausn og höfðu auk þess fyrirgert aleigunni.<sup>98</sup> Samkvæmt lögum kirkjunnar á miðöldum voru þau og fallin í bann án dóms (*latae sententiae*).<sup>99</sup> Kirkjuskipan Kristjáns III kvað ekki á um hvaða konum mönnum væri óheimilt að stunda kynlíf með á sama hátt og kristinrétturinn þótt ekki gæfi hún neinn undanslátt um saurlífisbrot. Því virðist nærtækt að Sigurður Jónsson hafi lagt kristinréttinn til grundvallar er hann bauð Einari Sigurðssyni að synja Guðbjörgu um kvöldmáltíðina án þess að hún væri formlega lýst í bann.<sup>100</sup> Er þá jafnframt gengið út frá að honum hafi verið kunnugt um málavöxtu þegar þingað var í Haganesi. Í nýlegri grein hefur því verið haldið fram að Sigurður Jónsson hafi verið einn helsti frumkvöðull siðaskipta á Norðurlandi. Þar var þó á það bent að hann hefði að ýmsu leyti farið að eldri, miðaldakapólskum hefðum enda eðlilegt þar sem nýjum lútherskum réttarheimildum var ekki til að dreifa um það mál sem hér reyndi á en Sigurður var mótaður og menntaður fyrir siðaskipti.<sup>101</sup>

Faðernið kippti fótum undan úrskurðinum í Haganesi og gerði að verkum að Magnúsi hlaut að vera kappsmál að komast á snodir um hvort Kolbeinn, faðir Guðbjargar, hefði vitað af broti þeirra Einars og umborið þeim að dvelja saman á heimilinu eftir að honum varð kunnugt um það en þannig hefði hann orðið þeim samsekur og þau, auk blóðskammarinnar, gerst sek um frillulífi. Málið snerist því öðrum þræði um embættisrekstur Magnúsar á sviði félagslegs taumhalds meðan hann var sýslumaður. Það snerti líka æru hans ef hann yrði sannur að því að hafa eignast Grænavatn með þeim skilyrðum að verja heimilisfólkið þar í hvaða máli sem var og þar með hylmt yfir með því á þinginu í Haganesi og smánað þar með kvöldmáltíðina. Loks valt eignarhald Magnúsar á jörðinni, sem nú var vissulega rúin Fremri-námum, á að Kolbeinn hefði í raun ekki verið búinn að fyrirgera eignarrétti sínum á jörðinni þegar hún var seld.

Þann 27. september þetta haust (1564) stefndi Magnús sem sé fjórum vottum heim til sín í Skriðu til að hlýða á lýsingu Einars Tómassonar á málavöxtum og var hann þá „[...] frij og frials viliugur: heill at heilsu og okreinktre skynseme“.<sup>102</sup> Sagðist vottunum þannig frá:

J fyrstu lysti hann þui at Kolbeirn Arngrimsson hefde ecke af vitad sinum misferllum og Gudbiargar Kolbeinsdottur fyre enn hin fyrsta dag hun vard liettare at barne a Þorláksmessu sialfa. og það med at hann hefde það sama sumar j fardogum adur komit til vistarferlla til Greniastada til Siara Sygurdar Jonssonar og giorst hans sueirn. Suo og lysti hann at Kolbeirn hefde alldre sig hyst a Grænauatne tueimur nottum leingr suo hann visse edr mynde fra þui hann vissi sitt brot og Gudbiargar og allt þar til hann sellt hafde Magnuse Jonssyni jordina Grænauatn og alldre sagde hann annat munde sannprofast nockurn tima. Somuleidis sagde hann þeir Kolbeirn hefde alldre giortt sama sin a millum huorke leyniliga ne opinberliga vm sitt afbrot og Gudbiargar og Kolbeirn hefdi vandrædst vm huornin hann skyllde hier med fara þui honum være vant j hendur sellt enn þo nenti hann ecke at opinbera sina dottur. Sagdist Einar vera eidfæR hier vm og þar at hofdo þeirR handsol Magnus og hann suo vier allir saum.<sup>103</sup>

Eins og fram kemur beindist athyglin sérstaklega að tímanum frá barnsfæðingunni á Þorláksmessu á sumar 1560 þar til Kolbeinn og Grímur stjúpsonur hans seldu Magnúsi Grænavatn vorið 1562 en hér er gengið út frá að Kolbeinn hafi þá strax í kjölfarið gerst

<sup>98</sup> „Kristinréttur Árna Þorlákssonar“, *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, Reykjavík: Sögufélag, 2005, bls. 143–190, hér 171. Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 33–46.

<sup>99</sup> Lára Magnúsardóttir, *Bannfæring og kirkjuvald*, bls. 54–55, 218–219.

<sup>100</sup> Jón Þorkelsson leit einnig svo á að í málinu hefði Sigurður Jónsson gengið fram í „[...] stefnu kirkjunnar manna úr páfadómi [...]“ Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar þrúða*, bls. 24–25.

<sup>101</sup> Hjalti Hugason, „Frumkvöðull siðbótar á Norðurlandi?“, bls. 42–71.

<sup>102</sup> *DI XIV*, bls. 306.

<sup>103</sup> Ætla má að barn Guðbjargar hafi verið skirt daginn eftir að það fæddist og hún þá nefnt föður að því. *DI XIV*, bls. 306.



próventumaður í Skriðu. Samkvæmt vitnisburði Einars hafði hann verið farinn af heimilinu þegar áður en Kolbeini varð kunnugt um brot þeirra Guðbjargar og hann aldrei hýst sig „tveimur nóttum lengur“ eftir það. Með þessu hreinsaði hann Kolbein af að hafa umborið þeim Guðbjörgu að halda áfram saurlífi. Á hinn bóginn fullyrti hann að Kolbeini hefði verið kunnugt um faðerni barnsins og þar með blóðskömmina (að mati kristinréttarins) frá því sólarhring eftir fæðinguna en þá hefur barnið væntanlega verið skírt og feðrað. Magnús fékk því staðfest að Kolbeinn hafði ekki sýnt honum trúnað þegar Magnús gerðist verndari hans og þannig valdið því að ágallar voru á úrskurðinum í Haganesi og að áhætta var tekin með jarðarþaukunum. Á hinn bóginn hafnaði Einar því að þeir Magnús og Kolbeinn hefðu samið um neitt varðandi brot þeirra Guðbjargar. Þar með hreinsaði hann Magnús af spillingu í málinu þótt eftir standi að honum hefði ef til vill borið að kanna málavöxtu betur áður en hann gekk gegn prestunum í Haganesi. Kolbeinn hafði vissulega hylmt yfir með þeim Einari og Guðbjörgu en líklega einnig átt í sálarstríði um hvernig hann skyldi snúa sér í málinu eða eins og sagði í vitnisburðinum: „[...] þui honum være vant j hendur sellt enn þo nenti han ecke at opinbera sina dottur“ enda var mikið í húfi þegar blóðskömm var annars vegar.<sup>104</sup> Hér verður því að líta svo á að þögn Kolbeins hafi ekki síður stafað af föðurelsku en forhertri yfirhylmingu, eins og verið hefði ef hann hefði haldið Einar áfram sem heimilismann sinn eftir að honum varð kunnugt um málavöxtu. Þar sem allt bendir til að barnið hafi verið feðrað þegar daginn eftir fæðinguna vakna óhjákvæmilega spurningar um á hverju vitnisburður Einars Sigurðssonar um brot Guðbjargar á Haganespínginu byggðist (sjá síðar).

Skömmu fyrir jól 1564 kallaði Magnús prúði enn til sex votta en nú að Dunhaga í Hörgárdal til að bera vitni um samtál Einars Tómassonar og Þorgríms Kolbeinssonar, mágs hans. Færðu vottarnir vitnisburð sinn á blað og innsigliðu svo sem vera bar en auk þeirra voru þrjár konur, Hallfríður, Sigríður og Margrét, allar Jónsdætur, viðstaddar en undirrituðu ekki bréfið.<sup>105</sup> Þær voru því ekki löglegir vottar. Samtalinu lýstu vitnin svo:

J fyrstu spurði nef[n]dur Einar greindan Þorgrim: ef hann myndi edur wisse sig werit hafa ä Grænauatni nattstaddan tueim nottum leingur ä þui fyra ari er hann sagdist sueirn ordit hafa ä Greniastodum hia Siara Sygurdi Jonssyni: enn Þorgrimur hefði það sama ar werid wistfastr heimilismadur hia Kolbeini Arngrimssyni fodur sinum ä Grænauatni. bad Einar hann sannleikan at seigia þat hann wissi og myndi sem væri rettast og sannast og hann willdi bædi fyrer Gudi og monnum bijkendur werda nær til efnis kæmi. En Þorgrimr sagdist þar wm eidfar wera at j sino witi edur minni hefði Einar þar ongua nott ä þui ari werit og þar wpp ä handfesti hann Magnusi Jonssyni at sueria at fullan bokareid nær hann wæri þar til krafín og logliga til skylldadr.<sup>106</sup>

Þá voru enn kallaðir þrír vottar að Grænavatni milli jóla og nýárs (27. desember) 1564 til að hlýða á frásögu Guðrúnar nokkurrar Þórarinsdóttur um veru Einars Tómassonar á staðnum. Hún hefur þá dvalið á Grænavatni á vegum Magnúsar og því óhád fyrra Grænavatnsfólkinu þegar þarna var komið sögu. Var hún „[...] frij og frials viliug heil at heilsu og okreinktre skynseme.“<sup>107</sup> Sagðist henni þannig frá:

<sup>104</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>105</sup> Sama heimild, bls. 319.

<sup>106</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>107</sup> Sama heimild, bls. 322.

J fyrstu sagdist hun heimilisfost verit hafa þau tuo ar a Grænauatni. sem Einar Tumasson hefde vistfastur verit a Greniastodum. og þat sumar sem Gudbiorg Kolbeinsdotter hefde liettare ordit. og a þeim tueimur fyr greindum arum sem Einar var a Greniastodum til vista: sagdist hun vera eidfar at hun hefde alldre vitad Einar Tumasson j ollum þeim tima vera tueim nottum leingr a Grænauatne j sino vite ne mine. og alldre sagde hun anat munde med sannindum Reynast. og hier vpp a handsalade hun Magnuse Jonssyni (sem hana hafdi krafít þessa vitnisburdar sem hun villdi ansuara fyrer Gude og monnum epter sino vite og mine) at sueria hier at epter sinum frammburde fullan og loglegan eid nær hun være þess Riettilega krafín og logliga til skylldut.<sup>108</sup>

Vottarnir skrásettu svo vitnisburð sinn og innsigluðu í Skriðu á nýársdag fimm nóttum síðar.<sup>109</sup>

## Aukin harka

Vorið 1565 var greinilega meiri harka hlaupin í samskipti þeirra Magnúsar prúða og Kolbeins Arngrímssonar sem og málið allt. Hefur Magnús þá enda vitað að Kolbeinn hafði ekki sagt honum allan sannleikann þegar þeir gerðu kaup sín og Magnús gerðist málsvari Kolbeins. Þann 13. maí, sem bar upp á sunnudag, kom Magnús að Kálfaströnd við Mývatn til að hitta Kolbeinn Jónsson, landseta sinn, þar en hann hafði gengið til móts við Magnús og „[...] mætti honum vpp aa vegin.“<sup>110</sup> Kolbeinn Arngrímsson gekk þá í veg fyrir Magnús sem sendi frænda sinn, Þorleif Þorgrímsson, til Kolbeins og „[...] let honum segia at hann villdi hann ecki finna fyr enn hann hafdi talad wid [...] nafna hans á Kálfaströnd.“<sup>111</sup> Skröfuðu þeir Magnús „[...] nær half[a] adra eykt [...]“ (rúmar 4 klst.) en í millitíðinni bar Pál Önundarson að.<sup>112</sup> Skrásett og innsigluð frásögn þeirra Kolbeins Jónssonar og Páls af atvikum eftir þetta hljómar svo á þessa leið:

[...] þar eptir geck Magnus at sinum hesti. og ætladi ä bak. Geck þa Kolbeirn Arngrimsson at Magnusi og heilsadi honum og Magnus tok hans kuediu. Þui næst spurdi Magnus Kolbein Arngrimsson huort [hann] hefði sagt Pali Stigsyni [höfuðsmanni] edur odrum monnum. at hann hefði vitad nockr brot edr skaferli dætra edur stüpsona Kolbeins. edr ef hann. þeir. þær. edr no[c]kur madur annar hefði sagt þeirra misferli j þann tima er hann keypti Grænauatn at þeim Grimi Andressyni og Kolbeini Arngrimssyni. Sagdist Magnus hafa hugad j þann tima at Kolbeini mundi saa eidur sær at hann hefði þau brot og sakferli eigi vitad sem nu ero opinber og hann hefði sier sidar meir handsalat og þar epter sialfur eidin aa lagt vottum vid verandi. Bad Magnus Kolbein þa seigia fyrir okur opinberliga sialfradr og ohræddur allan sannleika hier vm ef annars væri en hann hefði nu fra sagt sem hann villdi og mætti fremst og frekast ansuara fyrir gudi og monnum nær til efnis kæmi. enn Kolbeirn sagdist það þa ei hafa vitat og eigi þættist enn vita. og suo sagdist ongum það sagt hafa at Magnus hefði þar nockut af vitad. J annat sinn spurdi Magnus Kolbein Arngrimsson. ef hann hefði haft tal vid hann leyniliga edr opinberliga sidan þeir skildu j Skriðu adr Kolbeirn var fangadr af sýslumanninum Fusa Þorsteinssyne. enn Kolbein sagdist eidfar þar vm at hann hefði hann ei sidan sied ne tal vid hann haft fyr enn þa. vtan einu sinni at Magnus og hans menn hefði adur fyr ridit vm þær gotur er liggia austur fra Briamsnesi og hann sagdist hafa verit ad sla og ei vitad huada monnum það hefði verit.<sup>113</sup>

Vottaði Kolbeinn á Kálfaströnd að hann hefði verið með Magnúsi í það sinn og vitað að hann hefði þá engin samtöl átt við Kolbein Arngrímsson.<sup>114</sup>

Ljóst er af þessu að þeir Magnús og Kolbeinn hafa ekki hist lengi þar sem Magnús spurði Kolbein nú út í orðróm sem honum hafði verið kunnugt um að minnsta kosti síðan sumarið 1563. Hafi Kolbeinn gerst próventumaður Magnúsar í Skriðu á grundvelli kaupbréfs þeirra er ljóst að hann hafði ekki dvalið þar um langt skeið. Kann Vigfús sýslumaður að hafa tekið að rannsaka málið þegar í kjölfar þess að hann tók við sýslunni 1563, Guðbjörg þá væntanlega

<sup>108</sup> Sama heimild, bls. 322–323.

<sup>109</sup> Sama heimild, bls. 323.

<sup>110</sup> Sama heimild, bls. 378

<sup>111</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>112</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>113</sup> Sama heimild, bls. 378–379.

<sup>114</sup> Sama heimild, bls. 379.

játað brot sitt og Vigfús eftir það tekið Kolbein höndum og flutt hann upp í Mývatnssveit. Þar hefur Kolbeinn búið í Brjánsnesi sem var smábýli og næsti bær við Kálfaströnd. Hafði hann ánafnað Valgerði Einarsdóttur, dótturdóttur sinni, a.m.k. hluta jarðarinnar mörgum árum áður, en áskilið sér að halda jörðina svo lengi sem hann væri „[...] fær til umbodsz [...]“.<sup>115</sup> Kolbeinn þrætti enn fyrir að hafa vitað af blóðskammarbroti dóttur sinnar og kvaðst enn ekki sannfærður um að um svo alvarlegt brot væri að ræða.

Þegar til þessa fundar kom höfðu Grænavatnsmál tekið nýja stefnu sem hlaut að reyna á alla málsaðila. Fyrir löngu var sem sé komið í hárnæmi að dætur og stjúpsynir Kolbeins hefðu lifað óleyfilegu kynlífi. Guðbjörg hafði að öllum líkindum játað brot sitt eins og kvitturinn bar. Það hafði Einar líka gert og jafnframt borið að Kolbeinn hefði vitað af brotinu frá skírni barnsins. Ljóst virðist því að Guðbjörg var stórum sekari en hún hafði játað er hún krafðist sakramentisins af Einari Sigurðssyni þingapresti í Mývatnssveit og Magnús úrskurðað henni í vil á þinginu í Haganesi. Líklegt er að hún hafi notfært sér hinn endurheimta rétt sinn til kvöldmáltíðar á þeim árum sem liðin voru og þá neytt sakramentisins sér til dómsáfellis samkvæmt ríkjandi kvöldmáltíðarskilningi á þessum tíma. Þannig jók hún enn við sekt sína þar sem hún hafði ekki skrifað brot sitt opinberlega, fengið aflausn né tekið út refsingu sem henni bar eins og í pottinn var búið. Þögn Kolbeins hefur jafnframt flækt stöðu Magnúsar prúða, ógilt úrskurð hans í Haganesi, sett stuðningsyfirlýsingar hans við Grænavatnsfólkið í nýtt samhengi og hleypt kaupunum á Grænavatni í uppnám. Sérstaklega gat það reynst Magnúsi hættulegt ef sannaðist hann hefði vitað af málavöxtum á Grænavatni en eigi að síður heitið Kolbeini fulltingi sínu og vernd í öllum hans málum. Því hlaut staðan sem komin var upp að hafa reynt mjög á Magnús og hann hlaut að leggja allt kapp á að sanna að sér og ef til vill þeim Kolbeini báðum hefði verið ókunnugt um málavexti þegar þeir gengu frá kaupunum, sem og að Kolbeinn hefði ekki haft tök á að skýra honum frá atvikum, jafnvel í leynilegu samtali eftir að hann, samkvæmt því er orðrómurinn sagði, játaði brot sitt og sinna fyrir höfuðsmanni.

Auðvelt er að skilja ummæli Magnúsar hér, sem og aðrar tilvísanir til sveitarkvittsins, svo að dætur Kolbeins og stjúpsynir hafi gerst brotleg sín á milli, það er að tvö eða fleiri þeirra hafi haft óleyfileg mök.<sup>116</sup> Hvergi er þess þó getið í skjölum og Einar Tómasson var tengdasonur en ekki stjúpsonur Kolbeins. Hér verður því litið svo á að atvik hafi aflagast nokkuð í fréttáflutningi sveitarinnar líkt og oft verður. Einmitt þess vegna lá brot þeirra Guðbjargar og Einars ljósar fyrir en hefðu þau verið stjúpsystkin.<sup>117</sup> Það sem annars er vitað um kynlíf ungu kynslóðarinnar á Grænavatni er að Grímur, stjúpsonur Kolbeins, hafði gerst sekur um legorðssök (sjá framar). Einnig hafði Arngrímur, elsti sonur hans, gerst sekur um að minnsta kosti eina barneign utan hjónabands.<sup>118</sup> Ekki skal dæmt um hvort það geti hafa talist sérstök ósiðsemi á 16. öld að það henti þrjú af að minnsta kosti átta stjúpsystkinum að verða uppvis að kynlífi fyrir hjónaband.<sup>119</sup>

<sup>115</sup> *DI XIII*, bls. 485. Brjánsnes var metið til 12 hundraða. Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók*, bls. 233–234.

<sup>116</sup> Þannig skildi Jón Þorkelsson einnig ummælin en í *Sögu Magnúsar prúða* sagði hann að uppskált hafi orðið um samfarir milli barna og stjúpbarna Kolbeins á Grænavatni og aðra óreiðu á heimili hans. Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar prúða*, bls. 23.

<sup>117</sup> Stjúpsystur er ekki getið í upptalningu forboðinna liða í þeim lögum sem giltu á miðöldum. Sjá Mór Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 33–46.

<sup>118</sup> *DI XIII*, bls. 717.

<sup>119</sup> Kolbeinn átti að minnsta kosti þrjú syni og tvær dætur af fyrra hjónabandi. Guðbjörg var dóttir hans í síðara hjónabandinu. *DI XIII*, bls. 485, 716–717. Þá er rétt um stjúpsyni hans í fleirtölu þótt aðeins Grímur komi fram í þeim gögnum sem hér er byggt á.

Alvara málsins blasti loks við í byrjun ágúst 1565 þegar tylftardómur, útnefndur af „Nichils skrifara“, það er Nielsi Ólafssyni, fógeta Páls Stígssonar, kom saman á þingstaðnum í Spjaldhaga í Eyjafirði

[...] til að skoda jnvirduliga. Ransaka og þar epter dom a leggja. huoria magt og afl hafa skyllde su ákiera er nefndur Nichils skrifare klagadi til Magnusar Jonssonar kongdómsins vegna vmm jordina Grænavatn vid Myvatn. og Kolbeirn Arngrimsson hafdi att et cetera.<sup>120</sup>

Þar með var málið komið til kasta æðstu yfirvalda landsins. Í upphafi lét fógétinn lesa upp dóm höfuðsmanns „[...] at peningar Kolbeins væri dæmdir á kongsins nadir.“<sup>121</sup> Þar næst var játningarbréf Kolbeins lesið upp

[...] er hann hafdi iatad fyrir optnefndum liensmanni [Páli Stígssyni] i vidurvist margra ærligra dandimanna vtlendra og jnnlendskra at hann hefði i þau mál fallinn verid adr hann selldi Magnusi Jónssyni nefnda jord sem i brefino voru opinber og medkiend af honum. J annare grein stod og suo j medkieningarbrefi Kolbeins. at Magnus hefði lofat at forsuara oll hans mál þessi.<sup>122</sup>

Kolbeinn var nú orðinn tvísaga í málinu. Með þessari játningu var ógild „seinasta lýsing“ hans á málavöxtum sem hann hafði unnið eið að í Skriðu tveimur árum fyrr þrátt fyrir kröftugar aðvaranir Magnúsar prúða. Sá eiður hans var því meinsæri. Hann hefur því lengi farið á bak við þennan velgerðamann sinn og líklega misnotað hann allt frá upphafi. Brot hans var því ærið.

Málsvörn Magnúsar fólst í að hann lét lesa upp kaupbréf sitt fyrir Grænavatni sem og niðurstöðu sex manna dóms sem lögmaður hafði tilnefnt og hafði dæmt kaupin myndug og lögleg.<sup>123</sup> Því næst segir í Spjaldhagadóminum:

Þar med beiddist Magnus þar þa af oss doms huor þeirra Kolbeins þætti ljikare til sanninda. þar hann setti syn fyrir at hann hefði honum ei lofad forsuari fyrer nein hans brot edur misferli. og þau eigi vitad þa hann keypti somu jord Grænavatn et cetera.<sup>124</sup>

Dómendunum þótti Magnús líklegri til sanninda og honum „[...] full þorf og naudsyn á logligu vndanfæri fyrir þuiljkan aburd Kolbeinz [...]“.<sup>125</sup> Var honum dæmdur tylftareidur sem hann sór þegar á þinginu með svolátandi eiðstaf:

Til þess legg ec Magnus Jonsson hond á helga bok og so skyt eg mino mali til Gudz at eg hefi ecki af uitad neinum brotum nie sakaferlum Kolbeins Arngrimssonar. ei helldr dætra nie stiuþsona odrum en þeim sem opinber voro fyrir ollum minum sueitarmonnum. fyr enn Gudþiorg Kolbeinsdottir hafði medkiend sitt brot og Einars Tumassonar fyrir Fusa Þorsteinssyni. Suo og hefur Kolbeirn. hans dætur nie stiuþsyner alldri medkiend fyrir mier nein vtlegdarverk nie obotamal. skiemdarvig edur niþingsverk og alldri mig bedid at forsuara so eg viti edr minnist. Og ad suo stofudum Eidi sie mier Gud hollur sem eg satt seigi. gramur ef eg lyg et cetera.<sup>126</sup>

Eftir það sem á undan er gengið og einkum predikun Magnúsar yfir Kolbeini við svardagann í Skriðu er ólíklegt annað en að hér sverji Magnús samkvæmt bestu samvisku. Í eiðstafnum kemur og fram að Vigfús Þorsteinsson sýslumaður hafði rannsakað brot Guðbjargar og Einars og þá í framhaldinu líklega tekið Kolbein höndum og flutt austur í Mývatnssveit (sjá framar). Þar með hefur barneignarmálið og beinar afleiðingar þess komið til skoðunar. Í Spjaldhaga var því einkum verið að kljást við hinar óbeinu afleiðingar þess, eða eignarhaldið á Grænavatni.

<sup>120</sup> *DI XIV*, bls. 409. Um Nichils skrifara (Niels fógeta), sjá Jón Halldórsson, „Hirðsstjóra annáll“, bls. 705.

<sup>121</sup> *DI XIV*, bls. 409.

<sup>122</sup> Sama heimild, bls. 410.

<sup>123</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>124</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>125</sup> Sama heimild, s. st.

<sup>126</sup> Sama heimild, s. st.

Þar með þótti dómendum að athuguðu máli að umboði sínu væri lokið þar sem þeim væri óheimilt að hnekkja úrskurði lögmanns, það er nefndum dómi um lögmat kaup Magnúsar á Grænavatni, og frekari úrskurðir heyrðu því undir lögmann sjálfan, lögréttu og konung. Þá væri dagur að kvöldi kominn og þeim sem saman voru komnir í Spjaldhaga væri nauðsyn á að halda heimleiðis. Luku dómendur því störfum með þessari niðurstöðu:

Ad heilags Anda näd til kalladri. so profudo mali og fyrir oss komnu. dæmum vier nefnder domsmenn med fulllo doms atkuædi optnefndann Magnus Jonsson med sin bref og skilriki skylldugan at koma til næsta Oxararþings til suars vid hofudzmannin Pal Stigsson vm nefnda jord Grænavatn og vndir beggia logmannanna vtnefnd og logrettunnar dom so logmadurinn mætti þar sinn vurskurd forsuara.<sup>127</sup>

Rúmum mánuði eftir Spjaldhagadóm, eða seint í september um haustið (1565), gekk Magnús prúði í hjónaband með Ragnheiði Eggertsdóttur Hannessonar lögmanns. Brúðkaupið var haldið að (Saur-)Bæ á Rauðasandi og við það tækifæri gerðu þau með sér kaupmála. Magnús taldi sér til eignar 400 hundraða í lausafé og jarðeignum og nefndi þar til jarðirnar Skriðu, Vað, Jódísarstaði, Bergstaði, Kálfaströnd, Grænavatn og hálfu Auðbrekku. Af þessum jörðum gaf hann Ragnheiði fjórðungsgjöf sem nema skyldi hundraði hundraða. Kaus faðir hennar henni Grænavatn, Jódísarstaði og Kálfaströnd í þá gjöf.<sup>128</sup> Ljóst er því að báðir hafa þeir Magnús og Eggert verið þess fullvissir að kaupin á Grænavatni myndu dæmast fullgild. Magnús virðist því hafa verið með hreina samvisku. Þá virðist Eggert hafa treyst framburði hans um að hann hafi verið óvitandi um ósiðlegt hátterni Grænavatnsfólks og ekki látið kaupa sig fyrir hugsanlegan hagnað af Fremrinámum. Að öllu þessu tilskildu hafa þeir treyst að réttlætið mundi ná fram að ganga og fjölskyldan halda jörðinni. Eins kunna þeir aðeins að hafa verið sannfærðir um að þeir mundu ná sínu fram í krafti valda sinna og auðs og kaupin á Grænavatni yrðu dæmd fullgild óháð öllu réttlæti.

Ekki var mögulegt að framfylgja þessum dómi, að minnsta kosti ekki bókstaflega þar sem Páll Stígsson var allur fyrir þing sumarið eftir. Ekki er mögulegt að rekja lengra þann anga Grænavatnsmáls sem laut að sök Guðbjargar og Einars eftir fyrirliggjandi skjölum.<sup>129</sup> Þó má spyrja hvort blóðskammarbrot þeirra Guðbjargar Kolbeinsdóttur og Einars Tómassonar hafi verið eitt af þeim kynferðisbrotamálum sem varð til þess að Stóridómur var innleiddur. Páll Stígsson beitti sér mjög fyrir dóminum. Magnús prúði var í hópi þeirra sem kváðu upp dóminn og honum var ætlað að eyða þeim vafa sem skapaðist við að kristinréttur Árna Þorlákssonar féll úr gildi án þess að kirkjuskipan Kristjáns III gæti komið í hans stað hvað kynlífsþáttinn áhrærir.<sup>130</sup> Það var einmitt það óvissuástand sem olli því að Sigurður Jónsson og Magnús prúði komust hvor að sinni niðurstöðu um rétt Guðbjargar frá Grænavatni til að ganga til altaris. Magnús prúði hélt Grænavatni og ekki féll hann í ónád hjá konungi þar sem hann varð fljótt sýslumaður vestra.<sup>131</sup> Honum hefur því ekki verið legið á hálsi fyrir lítt grundaðan úrskurð í Haganesi eða spillingu í sambandi við málið. Það reyndist honum þó skeinuhætt þar sem það kostaði hann ýmiss konar málarekstur og eftirgrennslanir og kann

<sup>127</sup> Sama heimild, bls. 411.

<sup>128</sup> Sama heimild, bls. 423.

<sup>129</sup> Hér má t.d. benda á að ekki var tekið að færa gerðir alþingis á bækur með kerfisbundnum hætti fyrir en eftir þennan tíma eða frá 1570. [Án. höf., inngangur án titils], *Alþingisbækur Íslands: Acta comitorum generalium Islandiæ* I, Reykjavík: Sögufélag, 1912–1914, bls. iii–cvii, hér iii–iv.

<sup>130</sup> *DI* XIV, bls. 70, 272. Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi*, bls. 90–107. Sjá Jón Þorkelsson, *Saga Magnúsar prúða*, bls. 72.

<sup>131</sup> Sama heimild, bls. 20, 38–39. Grænavatn var enn í eigu afkomenda Magnúsar prúða 1703 en þá átti Guðrún Eggertsdóttir á Bæ á Rauðasandi jörðina. Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók*, bls. 231. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* IV, bls. 470–471.

að hafa valdið einhverju um að hann missti umboð fyrir Þingeyjarþingi og ef til vill valdið því öðrum þæði að hann kaus að flytjast úr héraðinu.

## Niðurstöður

Hér hefur verið reifað mál sem hlaust af barneign Guðbjargar Kolbeinsdóttur frá Grænavatni í Mývatnssveit líklega sumarið 1560. Málið hafði tvær hliðar sem að nútímaskilningi má líta á sem siðferðilega og efnahagslega eða andlega og veraldlega. Við fæðingu barnsins játaði Guðbjörg á sig einfalt barneignarbrot en hún bjó ógift í föðurgarði. Andlegt yfirvald Þingeyinga, Sigurður Jónsson á Grenjaðarstað, einn helsti kirkjuhöfðingi biskupsdæmisins og sonur Jóns Arasonar biskups en jafnframt einn af frumkvöðlum siðbótar á Norðurlandi, mun snemma hafa komist á snoðir um að brot Guðbjargar væri mun alvarlegra en hún játaði. Bauð hann presti hennar, Einari Sigurðssyni sálmaskáldi, síðar í Eydölum, að setja hana út af sakramentinu. Hvort sem það hefur verið vegna þessa eða óháð því komst síðar á fót sveitarkvittur um að Guðbjörg hefði eignast barnið með sér of tengdum manni og því ratað í blóðskömm, sem var stórbrot og krafðist opinberra skrifta og auk þess veraldlegrar refsingar. Undir þessu gat Guðbjörg og Grænavatnsfólkið ekki setið og tæpum tveimur árum síðar, vorið 1562, kom málið til kasta veraldlegs yfirvalds í héraðinu, Magnúsar prúða sýslumanns. Á þingi í Haganesi í Mývatnssveit spurði hann bæði sveitunga hennar og sálusorgara hvort þeir vissu hana seka um alvarlegra brot en hún hafði játað. Þar sem svörin voru neikvæð úrskurðaði hann Guðbjörgu í vil og er full ástæða til að ætla að í kjölfarið hafi hún neytt kvöldmáltíðar í samfélagi sveitunga sinna.

Af þessu virðist mega ráða að Sigurður prófastur hafi ekki upplýst Einar, undirmann sinn, um ástæður þess að Guðbjörg skyldi afsett frá sakramentinu. Það sem meira varðar, er að vegna vitnisburðar prestsins á þinginu virðist óhjákvæmilegt að ætla að Guðbjörg hafi rangfeðrað barn sitt og Einari því verið ókunnugt um eðli brotsins. Er þá komið að hlut Kolbeins Arngrímssonar, föður Guðbjargar.

Eftir því sem upplýstist við síðari rannsókn Vigfúsar Þorsteinssonar frá Reykjahlíð, sem tók við sýslu af Magnúsi prúða, og raunar að eftirgrennslan Magnúsar sjálfs, var Einar Tómasson, ekill eftir hálf systur Guðbjargar, faðir að barninu. Samkvæmt kristinrétti miðalda var mönnum bannað að stunda kynlíf með samfeðra systur hverri eftir aðra. Brot þeirra Einars og Guðbjargar var því blóðskömm sem kallaði bæði á kirkjuleg og veraldleg viðurlög. Mun Kolbeini hafa verið skýrt frá þessu þegar daginn eftir fæðinguna en hann þagað yfir málavöxtum og eflaust lagt á ráðin um (rang-)feðrun barnsins. Hann batt þó enda á langa dvöl Einars, tengdasonar síns, á Grænavatni og þar með samlíf þeirra Guðbjargar. Einar gerðist aftur á móti skjólstaðingur Sigurðar prófests á Grenjaðarstað og hefur Sigurður þannig snemma komist á snoðir um hið sanna. Kolbeinn lét þó ekki við þetta sitja heldur átti hlut að því að Magnús prúði eignaðist Grænavatn sama vor og þingað var í máli Guðbjargar og henni heimilað að ganga til altaris að nýju. Við kaupin tók Magnús prúði að sér að vera málsvari Kolbeins í öllum málum sem sköðuðu ekki hagsmuni hans sjálfs. Ekki er loku fyrir það skotið að með þessu hafi Kolbeinn keypt sér fylgi Magnúsar. Skömmu eftir kaupin vaknaði á hinn bóginn illur grunur hjá Magnúsi að Kolbeinn hefði vísvitandi leynt hann hinu sanna. Kolbeinn vann aftur á móti eið að því að sér hafi verið ókunnugt um málavöxtu og hélt allt til enda fram sakleysi sínu í því. Þá dró hann eðli brotsins í efa, að minnsta kosti að nafninu til, í samskiptum sínum við Magnús þótt hann kunni að hafa játað annað fyrir bæði Sigurði prófasti og Páli Stígssyni höfuðsmanni.

Sé þessi lýsing á atferli Kolbeins rétt hefur hann bakað sér mikla ábyrgð að guðfræðilegum skilningi á 16. öld. Með því að stuðla með röngu að því að dóttir hans fengi notið altaris-sakramentis varð hann þess valdandi að hún neytti sakramentisins óverðug en slíkt var talið skaða bæði sálarheill hennar og prestanna sem þjónustuðu hana. Þá sór hann einnig meinsæri. Hlaut hvort tveggja að stefna sálarheill hans í voða samkvæmt ríkjandi skilningi. Loks skaðaði hann bæði æru og hagsmuni Magnúsar prúða, verndara síns, með athæfi sínu. Þar sem honum virðist hafa verið kunnugt um brot Guðbjargar og Einars allt frá upphafi hafði hann fyrirgert ráðstöfunarrétti sínum á Grænavatni er Magnús keypti jörðina. Auk þess var það mikill álits-hnekkir fyrir Magnús ef á hann sannaðist að hann hefði tekið að sér að verja rangan málstað gegn því að eignast jörðina og þar með tilkall til einnar gjöfulustu brennisteinsnámu landsins, sem talist hafði til kosta hennar.

Hér er löngu látinn maður borinn þungum sökum. Því skal vakin athygli á því rannsóknar-siðfræðilega sjónarmiði að fræðimönnum beri að umgangast æru og minningu sögupersóna af virðingu og varfærni. Af þeim sökum skal ítrekað að sú mynd sem hér er dregin upp er byggð á túlkun á fornum heimildum og hugsanlega tekur hún ekki tillit til allra hliða málsins. Kolbeini ber því nokkur málsvörn. Kemur þar einkum til álita að honum hefur ugglaut runnið staða dóttur sinnar til rifja og viljað forða henni frá þeirri skömm og lagalegu viðurlögum sem biðu hennar.

Magnús prúði virðist hafa keypt Grænavatn og kveðið upp úrskurð sinn í máli Guðbjargar í góðri trú. Þá lagði hann hart að Kolbeini að huga að sálarheill sinni jafnvel þótt það kynni að skaða hagsmuni Magnúsar sjálfs. Að því leyti til virðist hann hafa komið fram sem réttlátt yfirvald í málinu. Í því gekk hann þó líka fram sem völdugur höfðingi sem boðið gat öðrum byrginn eins og best kemur fram eftir að sýslan var gengin honum úr greipum og hann atti kappi við Vigfús Þorsteinsson. Magnús hélt enda bæði Grænavatni og ærunni og varð fljótlega sýslumaður að nýju er hann hafði haslað sé völl á Vestfjörðum.

Mál þetta hefur verið reifað hér til að varpa ljósi á samvinnu og skörun en jafnframt árekstra hins andlega og veraldlega valdsviðs í kjölfar siðaskiptanna. Oft reyndi á samvinnu valdsviðanna tveggja sem sköruðust á ýmsa lund, ekki síst í agamálum af því tagi sem hér um ræðir en á þessum tíma voru mörg mistök og afbrot fólks, ekki síst á kynferðissviðinu, í senn synd gegn Guði og glæpur gegn ríkinu. Jafnframt hefur verið leitað svars við spurningunni hvort andlegir og veraldlegir embættismenn Danakonungs hafi ávallt unnið samhæft eða hvort til árekstra hafi komið á milli þeirra, til dæmis vegna mismunandi túlkunar á nýjum réttarheimildum eða vafa um hvort eldri fyrirmæli hefðu að fullu misst gildi sitt.

Mál Guðbjargar Kolbeinsdóttur sýnir ljóslega hvernig réttur fólks til altarisgöngu var bæði undir andlegum og veraldlegum yfirvöldum kominn. Það sýnir líka hvernig hvort valdsviðið um sig nálgadist málið á sjálfstæðan hátt, sem leiddi til árekstrar, að minnsta kosti meðan allar hliðar málsins lágu ekki ljósar fyrir. Sigurður prófastur varð þess snemma áskynja hvernig í pottinn var búið en virðist ekki hafa talið sér fært að gera það uppskátt. Hann hefur því freistað þess að knýja fram játningu Guðbjargar með hjálp hefðbundinna agameðala kirkjunnar og í því skyni bannað Einari Sigurðssyni að taka hana til altaris. Þetta hefur hann gert á grundvelli miðaldakapólsks skilnings þess efnis að þau Einar, mágur hennar, væru fallin í bann án dóms og hana bæri því að útiloka frá kvöldmáltíðinni án þess að veita þyrfti henni áminningu eða lýsa banni yfir henni formlega. Þar sem engin skjöl liggja fyrir um að Einar hafi verið afsettur sakramentinu gæti það bent til að hann hafi skrifað og tekið aflausn af broti sínu undir handarjaðri Sigurðar húsbónda síns. Hafi þeir Kolbeinn trúað Sigurði fyrir málavöxtum strax og Einar gerðist heimilismaður Sigurðar virðist ljóst að hann hafi gert

Einari að skrifa fyrir brotið en þá af einhverjum ástæðum leynilega þar sem brot Guðbjargar virðist ekki komast í hárnæli fyrir síðar. Þar virðist þá um tilhliðrunarsemi að ræða af hálfu Sigurðar þar sem Einari hefði borið að taka opinberri aflausn. Hér hafa karlinn og konan því ekki setið við sama borð.

Magnús prúði lagði kirkjuskipan Kristjáns III og lútherskan skilning aftur á móti til grundvallar við úrskurð sinn í Haganesi enda var hann þýskmenntaður og því væntanlega vel heima í lútherskum fræðum. Hann vildi því að Guðbjörg væri áminnt og hún í framhaldinu bannfærð væru til þess fullgildar ástæður sem hann grófst þó ekki fyrir um með öðrum hætti en fyrirspurnum sínum á þinginu er hann úrskurðaði henni í vil.

Hér er því sem sé haldið fram að réttaróvissa á siðaskiptatímanum hafi valdið þessum skiptu skoðunum prófastsins og sýslumannsins þar sem kirkjuskipan Kristjáns III fyllti ekki að fullu upp í það skarð sem myndaðist þegar réttarheimildir miðaldanna féllu úr gildi á þessu sviði. Málið í heild gefur því innsýn í þann vafa og óvissu sem ríkti á mörgum sviðum samfélagsins í kjölfar siðaskiptanna og Stóradómi var meðal annars ætlað að eyða á siðferðis-sviðinu. Þess skal getið að „íhaldssemi“ Sigurðar Jónssonar í þessu efni þarf ekki að koma í veg fyrir „róttækni“ hans á öðrum sviðum siðaskiptanna og að hann hafi til að mynda verið framarlega í flokki þegar um var að ræða breytingar á helgisiðum í kjölfar siðaskiptanna.